

Heit og ljúffeng



PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is




Óháð fréttablað á Vestfirðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 23. nóvember 2006 • 47. tbl. • 23. árg.

„Það þarf sterk bein til að vera femínisti“



– sjá viðtal við Matthildi Ágústu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Snerpu á Ísafirði og veitingamann á Langa Manga í miðopnu



Undanfarna daga hefur snjóað og verið kalt um allt land. Þessa mynd tók ljósmyndari blaðsins í Tangagötu á Ísafirði á dögnum.

Vestfirðingar sigursælir á Eddunni

„Mugison vann Edduna“, heyrðist kallað yfir sal Ísafjarðarbíós á sunnudagskvöld rétt eftir að sýning á kvikmynd Baltasars Kormáks, Mýrinni, hófst. Út brutust mikil fagnaðarlæti og klapp, en meðal gesta í salnum var fólk sem lagt hafði hönd á plóg við gerð tónlistarinnar fyrir myndina og hafði af þeim sökum verið boðið á sýninguna. Edduverðlaunin voru veitt í Reykjavík í gær og var Mugison sjálfur fjarverandi,

og sat í bíói hér vestra ásamt aðstoðarmönnum sínum og horfði á myndina fullkláraða í fyrsta skipti. Verðlaunin voru veitt fyrir tónlist í Mýrinni og í Little Trip to Heaven, en þá mynd gerði Baltasar Kormákur einnig, og státaði hún af titillagi eftir Tom Waits sem náði nokkrum vinsældum í flutningi Mugisons fyrir fáeinum mánuðum síðan. Mýrin kom, sá og sigraði á Edduverðlaununum, og halaði inn flestum verðlaunum, meðal

annars fyrir mynd ársins, leikstjóra ársins, leikara í aðalhlutverki og leikara í aukahlutverki.

Þá fékk kvikmyndin Skuggabörn, sem Lýður Árnason, læknir og listamaður á Flateyri, vann ásamt félögum sínum, verðlaunin í flokki heimildamynda, og Ragnar Bragason frá Súðavík fékk verðlaun fyrir handrit ársins fyrir kvikmyndina Börn.

eirikur@bb.is



Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Samkaup úrval

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!


Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Kongórdum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800



Dagurinn í dag

23. nóvember 2006 – 329. dagur ársins

Pennan dag árið 1939 var fyrsta orrusta herskipa í seinni heimsstyrjöldinni háð undan ströndum Íslands. Þýsku skipin Scharnhorst og Gneisenau sökkту breska skipinu Rawalpindi. Um 270 sjómenn fórust en 23 var bjargað.

Danskir dagar

SKG veitingar á Ísafirði hafa undanfarin ár boðið upp á danskt smurbrauð fyrir jólin. Hefur þessi siður vakið mikla lukku og er smurbrauðsheimsóknir til SKG orðnar að hefð hjá mörgum. Nú eru dagar danska smurbrauðsins hafnir á nýjan leik og verður það á boðstólum alla daga og öll kvöld fram að jólum, undantekningar eru þó þá daga sem jólahlaðborð eru í gangi.

Meðal þeirra tegunda sem boðið er upp á er smurbrauð með rifjasteik með stökkri puru, en það hefur verið vinsælast smurbrauðanna á undanförunum árum. Síðan má telja smurbrauð með lifrarkæfu, annað með reyktri önd og það þriðja með rauðsprettu. Næturverður dýralæknisins er nýr á mætiðlinum en það er hefðbundið danskt smurbrauð með lifrarkæfu, söltuðu lambalæri og kjöthlaupi.

Jóla kort Styrktarsjóðs TÍ

Jóla kort Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar hafa verið gefin út og að venju eru þau prýdd ísfrisku myndefni. „Oft hafa Ísafjarðarmyndir frá fyrri tíð prýtt kortin en í ár er á kortinu ljósmynd frá jólatorgsölunni í fyrri og þar ríkir sannkölluð jólastemming. Jólalærd frá Hróarskeldu og G-lykillinn góði lýsa upp Silfurtorgið sem er þéttskipað fólki í jóla skapi“, segir á vef Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Ljósmyndarinn Halldór Sveinbjörnsson tók myndina og veitti góðfúslega leyfi til notkunar hennar. Margir heimamenn og ekki síður brottfluttir Ísafirðingar safna jóla kortum Styrktarsjóðsins, en sjóðurinn hefur veitt fé til ýmissa stærri verkefna skólans, sérstaklega til byggingarframkvæmda og nú síðast til flygilkaupa fyrir Hamra.

Leggur til stóratæk til uppbyggingar á sjálfbærri ferðaþjónustu

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs í Norðvesturkjördæmi hefur lagt fram þingsályktunartillögu þess að hefja skuli stóratæk til uppbyggingar á grunnstöðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samkvæmt tillögunni á samgönguráðherra að skipa fimm manna faghóp sem ber ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum þess. Þá skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða, einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Vinna við gerð aðalskipulags hafin

Hafin er vinna við gerð nýs aðalskipulags fyrir Ísafjarðarbæ en það er fyrir tímabilið 2008-2020. Aðalskipulagið mun ná til alls sveitarfélagsins, en núgildandi aðalskipulag nær aðeins til þéttbýlis. Hornstrandir og aðliggjandi svæði, þ.e. fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppar, verða á sérskiplagi en þarna er landnýting um margt ólík því sem er í öðrum hlutum sveitarfélagsins, auk þess sem stór hluti svæðisins er friðland og þarf því að huga sérstaklega að verndargildi þess. Þá er eins og áður sá þáttur sem snýr að þéttbýli og öðru dreifbýli eða Ísafjörður, Þingeyri, Suðureyri og Flat-eyri auk dreifbýlis utan Hornstranda. Gerður verður sérstakur uppdráttur af hverjum

þéttbýliskjarna og annar fyrir dreifbýlið.

Settur verður á fót samráðshópur sem samanstendur af fulltrúum mismunandi hagsmunaaðila. Þannig er félagsamtökum og fyrirtækjum gefinn kostur á að hafa áhrif á gerð skipulagsins. Þau félög og fyrirtæki sem áhuga hafa á þátttöku eru hvött til að hafa samband við Teiknistofuna Eik, sem er skipulagsráðgjafi í þessari vinnu, fyrir 15. desember 2006. Kemur fram á heimasíðu Ísafjarðarbæjar að sérstök áhersla verði lögð á að hafa skipulagsferlið opið og með gagnkvæmu upplýsingastreymi á milli aðila sem málið varða. Samráð við hagsmunaaðila og íbúa verður með ýmsum hætti, en þar má nefna upplýsingaveitu á heimasíðu

Ísafjarðarbæjar, póstkassa þar sem hægt verður að skila miðum með ábendingum, bæklingar með kynningu á aðalskipulagi og vinnuferli þess í stuttu máli, fundir og ráðstefnur með stofnunum, íbúum og fulltrúum hagsmunaaðila og síðan verða send út dreifibréf.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og nær til alls landsvæðis þess. Árið 2008 eiga öll sveitarfélög á Íslandi að hafa lokið við gerð aðalskipulags. Sveitarstjórnir setja þar fram stefnu sína um landnotkun, byggðaðróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Aðalskipulag skal ná til a.m.k. 12 ára tímabils og er grundvöllur fyrir deiliskipulag þar sem skipulag einstakra svæða er nánar útfært.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum

Ert þú til í prófa eitthvað nýtt?

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum leitar eftir starfsmönnum til starfa á heimilum fólks með geðfötlun. Um er að ræða vaktarvinnu þ.e. dag-, kvöld- og helgarvaktir. Starfið felst í því að aðstoða íbúana við athafnir daglegs lífs inn á heimilum þeirra eins úti í samfélaginu.

Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og hafa jákvæð viðhorf, geta sýnt frumkvæði og tekið ábyrgð. Boðið er upp á stuðning, fræðslu og ráðgjöf í tengslum við starfið. Starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði.

Aldurstakmark er 20 ár.

Er þetta eitthvað fyrir þig?

Svæðisskrifstofa Vestfjarða leitar eftir starfsmönnum til starfa í skammtímavistun fyrir börn á Ísafirði. Um er að ræða vaktavinnu í mismunandi starfshlutföllum.

Leitað er eftir duglegum og áhugasömum einstaklingum sem eru að leita sér að spennandi starfi. Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og hafa jákvæð viðhorf, geta sýnt frumkvæði og tekið ábyrgð. Boðið er upp á stuðning, fræðslu og ráðgjöf í tengslum við starfið. Starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarsamningi SFR. Allar nánari upplýsingar eru veittar á Svæðisskrifstofu í síma 456-5224

Umsóknarblað má finna á heimasíðu Svæðisskrifstofunnar www.svest.is þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið og stefnu Svæðisskrifstofunnar. Umsóknarfrestur er til 1. desember 2006.

Harðarmenn hafa lokið fyrstu umferð Meistaramóts GLÍ

Sex glímukappar frá Herði á Ísafirði kepptu í fyrstu umferð Meistaramóts Glímusambands Íslands og Sveitaglímú Íslands á Reyðarfirði um helgina. Drengirnir eiga titil að

verja því í fyrri báru þeir sigúr úr bítum í flokki unglinga 17-20 ára. Harðarmenn stóðu sig vel á meistaramótinu þrátt fyrir að sigra ekki í neinum flokki. Í A-riðli unglinga varð

Daníel Þór Þorsteinsson í öðru sæti, einungis hálfum vinnungi á eftir sigurvearanum Sindra Frey Jónssyni frá UÍA. Í B-riðli var Magni Þór Annýjarson í öðru sæti og

Brynjólfr Örn Rúnarsson í fjórða sæti. Í úrslitum varð Magni Þór Annýjarson, Herði í þriðja sæti og fast á hæla hans kom Daníel Þór Þorsteinsson í fjórða sæti. Keppnin er með öðru sniði en áður því nú verður ekki úrskurðaður Íslandsmeistari fyrr en eftir þrjú mót, sá sem hefur flest

stig eftir að hafa lokið þátttöku á öllum þremur mótunum sigrar.

Mótið á Reyðarfirði er s.s. fyrst í röðinni, síðan verður keppt í Reykjavík í janúar og þá í mars á næsta ári á Ísafirði. Í sveitaglímunni þurfti Hörður að lúta í lægra haldi fyrir sveit UÍA.

– thelma@bb.is

Kammerkórinn gefur út hljómdisk

Kammerkórinn á Ísafirði gefur út sinn fyrsta hljómdisk nú fyrir jólin. Á disknum má finna kirkjulega tónlist sem tekin var upp í Ísafjarðarkirkju af Flateyringnum Önundi Pálssyni. Í kórnum eru 23 félagar frá Ísafirði, Hnífsdal, Súðavík, Flateyri og Súgandafirði. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona og organisti er Hulda Bragadóttir aðstoðarskólastjóri og organisti Ísafjarðarkirkju. Kórinn hefur ekki setið auðum höndum undanfarið því auk disksins söng Kammerkórinn tvö lög sem tekin voru upp fyrir kvikmyndina Mýrina. Í febrúar mun kórinn svo syngja inn á annan disk en það er frumsamin tónlist eftir einn kórfélaga, Þorstein Hauk Þorsteins-son. 22. desember mun kórinn halda sína árlegu kyrrðarstund í Ísafjarðarkirkju sem hefur mælst sérlega vel fyrir.

Opnir fundir með forystunni



Framsóknarflokkurinn boðar til funda með nýrri forystu flokksins. Jón Sigurðsson formaður, Guðni Ágústsson varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir ritari verða á opnum fundum um land allt á næstu vikum. Þar munu þau ræða störmálin í aðdraganda kosninga og svara fyrirspurnum.

Allir hjartanlega velkomnir

4. okt. kl. 20.30	Reykjavík: Grand Hótel
5. okt. kl. 20.30	Selfoss: Hótel Selfoss
10. okt. kl. 20.30	Akranes: Framsóknarhúsinu við Sprengbraut
12. okt. kl. 20.30	Borgarnes: Landb. hsk. á Hvanneyri - Matsal
17. okt. kl. 20.30	Stykkishólmur: Hótel Stykkishólmi
28. okt. kl. 11.00	Akureyri: Hótel KCA
28. okt. kl. 16.00	Húsavík: Veitingastaðnum Sólka
28. okt. kl. 21.00	Vopnafjörður: Félagshelminu Mátaganði
31. okt. kl. 17.00	Egilsstaðir: Austri salinum
31. okt. kl. 20.30	Reykjarfjörður: Söfnunarhelminu Reyðarfirði
1. nóv. kl. 20.30	Reykjanesbær: Hafnarhlöð 62
2. nóv. kl. 17.30	Kópavogur: Dýraverpi 12
18. nóv. kl. 11.00	Vestmannaeyjar: Akútes salinum
18. nóv. kl. 14.30	Reiða Árhúsum
23. nóv. kl. 20.30	Ísafjörður: Kvarnshúsinu Ísafirði
27. nóv. kl. 17.30	Blönduós: Félagshelminu Blönduósi
27. nóv. kl. 21.00	Sauðárkrúkur: Kaffi Krók
29. nóv. kl. 20.30	Patreksfjörður: Félagshelminu
30. nóv. kl. 20.30	Höfn: Þingv. Húsmatstuga

 FRAMSÓKNARFLOKKURINN



The Reykjavík Grapevine dreift á Ísafirði

Frá og með næsta tölublaði verður enskumælandi tímaritinu The Reykjavík Grapevine dreift á Ísafirði, en því hefur verið dreift víða um land utan Vestfjarða til þessa, og verið með götudreifingu á Egilsstöðum, Seyðisfirði, Akureyri, Selfossi og Keflavík, auk höfuðborgarsvæðisins. Þá

hafa þeir sent blöð á helstu ferðamannastaði á landsbyggðinni til viðbótar. Þegar rætt var við Jón Trausta Sigurðarson fyrir fæinum mánuðum sagði hann ástæðuna fyrir lítilli dreifingu á Vestfjörðum vera þá að blaðið væri sent með rútum Kynnisferða, sem eru ekki með áætlanafærðir lengra en til Hólmavíkur. Notkun annarra leiða, svo sem með póstdreifingu, þótti of dýr. Nú hefur verið samið við Fjölmenn-ingarsetur á Vestfjörðum um dreifingu á blaðinu hér vestra. Næsta tölublað The Reykjavík Grapevine kemur út í byrjun desember.

Ertu búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss fyrir jólin? Hafið samband í síma 456 4560

21.115 tonn af þorski á land á Vestfjörðum fyrstu tíu mánuði ársins

Alls var 21.115 tonnum landað af þorski á Vestfjörðum fyrstu tíu mánuði ársins í ár, samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands. Það er 4% samdráttur miðað við sama tímabil árið 2005 þegar á land komu 21.995 tonn af þorski. Ýsuaflinn fyrstu tíu mánuðina í ár er 1% meiri í ár en á sama tímabili í fyrra, en í ár komu 9.373 tonn á land á tímabilinu á miðað við 9.265 tonn í fyrra. Gríðar-

leg aukning hefur orðið í ufsaveiðum en á meðan einungis 792 tonnum var landað fyrstu tíu mánuði ársins 2005 voru tonninn orðið 2.365 þegar október mánuði lauk í ár. Er það tæplega þreföldun. Þá kom líka nærri því helmingi meiri karfi á land fyrstu tíu mánuðina í ár en í fyrra, eða 683 tonn í fyrra á móti 1.219 tonnum í ár. Steinbítisveiðar aukast nokkuð á milli ára. 5.862 tonnum var landað á

tímabilinu í ár en 5.280 tonn í fyrra, en það er 11% aukning á milli ára. 44% meira kom á land af hlýra fyrstu tíu mánuðina í ár en í fyrra, en 645 tonnum var landað í ár á miðað við 446 tonn í fyrra. Þá nær tvöfölduðust veiðar á grálúðu, úr 477 tonnum í 923 tonn á milli ára. Nokkuð dró úr skarkola-veiðum, en 925 tonn komu á land á Vestfjörðum fyrstu tíu mánuði ársins 2005, en ein-

ungis 613 tonn á sama tímabili í ár. Frá janúar fram í október í fyrra komu 182 tonn af síld á land á Vestfjörðum, en ekki svo mikið sem sporður hefur verið dregin á land í ár. Sömu sögu er að segja af loðnunni, en 2.533 tonnum var landað á tímabilinu í fyrra, en engu í ár. 1.257 tonnum var landað af rækju á tímabilinu í fyrra, en 6 tonnum í ár. Það er samdráttur upp á 99,5%.

eirikur@bb.is



Samfylkingin

Kjördæmisþing Samfylkingarinnar í Norðvestur kjördæmi verður haldið í Reykjaskóla, Reykjum í Hrutafirði, helgina 25.-26. nóvember 2006 og hefst kl. 13. Fundarefni: Kjörnefnd ber fram tillögu að lista, kosningar, erindi, stefnumótunarvinna og vinnuhópar um árangursríkt félagsstarf.

Opið öllu Samfylkingarfólki þó að einungis kjörnir fulltrúar hafi kosningarétt

Skráning hjá Guðmundi Hauki Sigurðssyni

S: 893-4378 eða ghaukur@simnet.is



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG FYRIR TUNGUSKEIÐ, ÍSAFJARÐARBÆ

Auglýsing um deiliskipulag fyrir Tunguskeið, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Tunguskeið þ.e. gatnanna Aspar-, Eikar- og Grenilundar skv.25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til vestur hluta núverandi skipulags fyrir Tunguskeið þ.e. gatnanna Aspar-, Eikar- og Grenilundar.


Eins og í núverandi skipulagi er einungis gert ráð fyrir einnar hæðar einbýlishúsum á svæðinu. Lóðir nr. 7 og 8 við Eikarlund og Grenilund stækka en stærð annarra lóða helst óbreytt. Byggingarreitir á öllum lóðum stækka nema á lóðum nr. 7 og 8 við Asparlund sem haldast óbreyttir.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með föstudeginum 1. desember 2006 til og með föstudagsins 29. desember 2006. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 12. janúar 2007. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir.

Sviðsstjóri umhverfissviðs

fótboltakappinn

„Má aldrei hætta að láta sig dreyma“



Ísfrski knattspyrnukappinn Matthías Vilhjálmsson, hefur verið gera góða hluti í boltanum að undanfögnu. Hann var valinn í landslið leikmanna yngri en 21 árs en hann er einnig byrjunarmaður í meistaraaflokki FH, aðeins 19 ára að aldri. Með FH-ingum varð hann Íslandsmeistari, en lið hans hampaði titlinum í þriðja sinn í sögunni í sumar og svo merkilega vildi til að það var þriðja árið í röð. Matthías ólst upp á Ísafirði og lék með BÍ þar til 2003. Hann þykir bráðefnilegur knattspyrnumaður og hefur m.a. gert góða hluti með U-17 landsliðinu á Evrópumeistaramótinu 2004. Matthías var fyrr á árinu orðaður við enska úrvalsdeildarliðið Everton á enskum net síðum en hann var til reynslu hjá liðinu og æfði með þeim í fyrravetur. Bæjarins besta spjallaði við þennan efnilega unga pilt um boltann og draumana.

– Hvar byrjaðir þú þinn fótboltaferil?

„Ég byrjaði 6 ára gamall að æfa með BÍ. Þar æfði ég alveg þar til ég fór suður í menntaskóla 16 ára gamall. Þar gekk ég til liðs við FH. Síðan ég man eftir mér hef ég alltaf haft áhuga á fótbolta og það hefur alltaf verið draumurinn að geta starfað við það.“

– Þú ert í byrjunarliði meistaraaflokksins, er það ekki rétt?

„Jú, eða svona stundum og stundum ekki eins og er. Ég spilaði þó 19 leiki með meistaraaflokki í sumar. Ég er með Birkir Halldóri Sverrisyni í FH sem er líka Íslands- og bikarmeistari í sumar. Svo hef ég spilað 12 leiki með landsliðinu. '84 árgangurinn var gjaldgengur í liðið en ég er af '87 árganginum. Þannig að það er ung kynslóð að koma upp líka. Núna verður annar úrtakshópur sem tekst á við verkefni næsta sumars.

Eins og er standa bara æfingar yfir. Það er alveg nóg að gera. Við erum nýbyrjaðir að æfa aftur eftir frí og því byrjaðir á undirbúningstímabilinu.

Vegna veðurfars er leiktímabilið á Íslandi 4 mánuðir á móti 7 mánuðum í undirbúning. Það er svolítið leiðinlegt, en þannig er það bara. Nú erum við bara að hlaupa og lyfta en munum taka þátt í æfingaleikjum eftir áramót. Síðan byrjar Íslandsmótið í maí.“

– Hversu oft í viku æfirðu?

„Á undirbúningstímabilinu þegar allt er að komast í gang æfi ég um tvo tíma á dag 6 sinnum í viku. Það er alveg ágætis törn.“

– Fyrir nokkru heyrðist orðrómur um að Everton hefði augn á þér, hvernig fór það?

„Í fyrra fór ég á reynsluæfingar hjá klúbbum ásamt Einari Erni frá FH. Þeir hjá Everton sögðust ætla að fylgjast vel með mér, en ég hef ekki frétt neitt frá þeim. Enda er það ekki það sem heillar mig mest núna. Ég stefni ótraudur á atvinnumenskuna og ætla að fara út. En ég ætla mér að klára skólann fyrst. Ég á núna eitt ár eftir.“

– Er það England sem heillar mest þegar kemur að atvinnumenskunni?

„Já, að mínu mati er England með skemmtilegustu deildina. En það eru margar aðrar deildir sem hægt er að nýta sér sem stökkpalla, ef maður stendur sig þar getur maður komist í hærri og sterkari deildir.“

– Var ekki spennandi að fara út til Everton?

„Jú, það var mjög spennandi og gaman að fá að sjá hvernig þessir fótboltamenn æfa. Það er rosaleg fótboltamenning þarna úti og Bretarnir hreinlega lifa fyrir boltann. Það er svo mikið sem snýst í kringum þetta.“

Íslandsmeistari í knattspyrnu karla

– Þetta var mjög viðburðaríkt sumar, segðu mér aðeins frá því.

„Ég var að koma upp úr yngri flokkunum núna, en við lukum tímabilinu á því að verða tvöfaldir meistara og urðum þar með fyrsta liðið í sögu FH til þess að afreka



það. Þar var ég markahæstur og talinn bestur. Þetta var mjög fínt sumar. Svo urðum við í meistaraaflokki Íslandsmeistarar líka.“

– Fótboltinn er harður bransi og leikmenn geta dottið úr umferð ef þeir meiðast, hefurðu áhyggjur af því?

„Maður veit aldrei hvað getur gerst og það þarf smá heppni til að ná árangri. Maður þarf að hugsa vel um sig, alltaf að passa að teygja og þess háttar. Það er leiðinlegt en alveg nauðsynlegt til að fyrirbyggja meiðsli. Þetta bara fylgir boltanum. Mér finnst líka mikilvægt að smakka ekki áfengi, það fer svo illa með mann. Ég hef líka séð marga efnilega knattspyrnumenn kasta öllu frá sér eftir að þeir byrja að drekka. Þeir missa metnaðinn og fara að djamma í staðinn.“

– Verðurðu aldrei þreyttur á fótbolta og langar til að hætta?

„Nei, ég hef aldrei fundið fyrir því. Oft hefur mann langað til þess að taka vikufri vegna þreytu en aldrei að hætta. Allur áhugi minn er á fótbolta og öðrum íþróttum.“

– Hefurðu tíma fyrir önnur áhugamál og aðrar íþróttir?

„Ekki aðrar íþróttir kannski, en ég hef alveg önnur áhugamál. Ég er bara venjulegur gaur sem vill vera í íþróttum, standa sig vel í skóla og vera með vinum sínum og þess háttar. Maður þarf bara að vera vel skipulagður til að hafa tíma fyrir allt.“

Ég flutti einn til Hafnarfjarðar 16 ára og hef búið hér í þrjú og hálf ár. Þannig að ég hef þroskast mjög mikið á þessum árum.“

Nægur efniviður á Ísafirði

– Hvort var það sem dró þig meira suður, skólinn eða fótboltinn?

„Það var tvímælaust fótboltinn. Ekki skólinn enda er finn skóli á Ísafirði.“

– Hvað finnst þér um fótboltann á Ísafirði í dag?

„Ég held að hann sé að breytast til hins betra og að í sumar hafi verið byrjað að taka öðruvísi á málunum. Mér finnst persónulega að svona stórt bæjarfélag eigi að eiga lið í fyrstu eða annari deild.



Ég veit vel að þetta er ekkert auðvelt. Á Ísafirði eru þetta mest ungir strákar og þeir bestu fara suður til að spreyta sig þar. Það þyrfti því að reyna halda þessum strákum í bænnum og gera eitthvað fyrir þá. Ég veit samt ekki hvað hægt væri að gera betur. Það er mikill fótboltaáhugi til staðar á Ísafirði en menn þurfa að leggja metnað í þetta. Ekki bara þykjast vera að æfa fótbolta og fara svo á skráll um helgar. Menn þurfa að forna einhverju fyrir íþróttina ef þeir vilja verða góðir. Það er alveg nægur efniviður á Ísafirði eins og annars staðar.“

– Hvað er svo framundan á árinu hjá þér?

„Nú stendur undirbúnings- tímabilið yfir og næsta sumar ætla ég að festa mig í sessi í byrjunarliði FH. Félagið er búið að kaupa þrjá mjög sterka leikmenn en samkeppnin gerir mann bara miklu betri. FH-ingar eru klárlega bestir á landinu, búnir að vinna meistaratitilinn þrisvar í röð.“

– Hverjar eru fyrirmyndirnar í knattspyrnunni?

„Ég hef alltaf haldið upp á Ronaldo hjá Real Madrid, svo

var Micheal Jordan í körfu- boltanum mjög góð fyrirmynd. Mér finnst mjög mikilvægt að krakkar hafi einhverjar góðir fyrirmyndir til að líta upp til. Ég hafði svo líka fyrirmyndir innan fjölskyldunnar eins og mömmu og pabba. Eiður Smári Guðjohnsen er náttúrulega yfirburðaknattspyrnumaður frá Íslandi. Hann ber höfuð og herðar yfir alla sem komið hafa fram í langan tíma. Maður fyllist innblæstri af því að fylgjast með honum úti. Það hvetur mann til þess að leggja enn harðar að sér. Maður verður þó alltaf að hafa í huga að maður kemst ekki beint í atvinnumenskuna heldur þarf að vinna sig upp. Maður má þó aldrei hætta að láta sig dreyma.“

– Það er að sjálfsögðu Liverpool. Ég er harður Poolari. Það yrði náttúrulega lyginni líkast ef að það myndi gerast en aldrei að segja aldrei,“ segir Matthías Vilhjálmsson sem Ísfríðingar munu eflaust fylgjast vel með í framtíðinni.

– thelma@bb.is



Tilboð á folaldakjöti úr kjötborði*

Lundir	seðna kr.	1.998	kg.
Fillet	seðna kr.	1.792	kg.
Snitsel	seðna kr.	1.192	kg.
Gúllas	seðna kr.	1.123	kg.
Hakk	seðna kr.	199	kg.

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra gírnilegra tilboða sem gilda 23. nóv. - 26. nóv.



499 .

Óra Jólaskild
200g



99 .

Þvert áður 149 kr.

Jacob's
pilsbrauð



968 .

Þvert áður 1.492 kr/kg

30%
afsláttur

Londonlamb
úr framparti



299 .

Þvert áður 479 kr.

Jólasparkökur
frá Frón 400gr



69 .

Þvert áður 109 kr.

Viking maltöl
500 ml.



149 .

Þvert áður 209 kr.

2L Fanta
appleisin



149 .

Þvert áður 219 kr.

2L Pepsi max
og Pepsi



169 .

Lindt
Suðusúkkulaði
200 gr.



Epladagar

Öt epli á
99 .

Samkaup **úrval**

Happdrætti til styrktar flygilsjóði hleypt af stokkunum

Á dögnum var hleypt af stokkunum happdrætti til styrktar Flygilsjóði Tónlistarskóla Ísafjarðar, en nú fyrir stuttu var hinn ný og stórglæsilegi Steinway flygill vígður. Miðar verða seldir hjá kórfélögum Sunnukórsins, í Bókhöðunni-Pennanum og Tónlistarskóla Ísafjarðar. Einnig verður hægt að nálgast miða á Torgsölu Styrktarsjóðsins sem fram fer á Silfurtorgi 2. desember. Vinningar eru veglegir og verðmæti þeirra tæp ein milljón króna. Fólki er hvatt til að kaupa miða, því ef miðarnir seljast allir er búið að greiða fyrir flygillinn að mestu. Aðalvinningurinn í happdrættinu er flugfar fyrir tvo með Flugfélagi Íslands og gisting í tvær nætur á Hótel Loftleioðum.

Ritstjórnargrein

Með lögum skal land byggja

Því skyldu menn greiða skatta ef hægt væri að komast hjá því? spurði viðmælandi í einni fréttinni af mörgum um undrun Dana yfir ríkidæmi Íslendinga, sem lengst af löptu dauðann úr skel undir þeirra stjórn, en hafa nú með óskiljanlegum hætti sölsað undir sig helstu verslanir þeirra. Já, er það ekki bara sjálfsagður hlutur að þeir sem hafa aðstöðu til notfæri sér gloppur í skattakerfinu til að komast hjá greiðslum til samfélagsins? Er ekki nóg að þeir borgi sem engar hafa undankomuleiðirnar? Sá danski benti á að ef skattalög væru götött væri það stjórnmalamána að ráða þar bót á.

Hvernig er þessum málum komið hérlendis. Hefur einhver tölu á þeim nefndum sem stjórnvöld hafa skipað til að stoppa í götin á skattakerfinu, gera það einfaldara og hugsanlega réttlátara? Til að ná til neðanjarðarhagkerfisins? Þær eru æði margar. Og hafa kostað sitt. Lítið fer hins vegar fyrir gagngerum breytingum á skattkerfinu og neðanjarðarhagkerfið blómstrar sem aldrei fyrr; veltir tugum milljarða króna árlega á kostnað almennings og fyrirtækja sem fara að lögum. Ekki minnsta smjörklípa kemur þaðan til samneyslunnar.

Alþingi setur lögin. Reynslan sýnir að þar hafa mönnum æði oft verið mislagðar hendur. Afsakanir um að „þetta“ hafi nú ekki verið ætlunin með tiltekinni lagasetningu og því verði „bara að laga það“ hljóma kunnuglega. Minna hefur þó farið fyrir lagfæringunum. Dæmi um lagasetningar er gengið hafa þvert á vilja meirihluta þjóðarinnar er gjafakvótakerfið, fjölmiðlafrumvarpið, og ráðherrasniðna eftirlaunafrumvarpið, sem stríddi gegn öllu velsæmi og setti höfunda þess á stall ofar öllum rétti venjulegs fólks. Tíu milljón króna „réttur“ sænsks ráðherra, sem hrökklaðist frá völdum eftir fárra daga embættissetu, er upp komst um frjálslega umgengni hennar við lög og reglur, er gróft dæmi um misnotkun valdhafa í eigin þágu. Slík vildarlög eru aldrei sett í þágu almennings.

Stjórnmalamenn setja leikreglurnar. Til þeirra sem tekið hafa að sér slík vandaverk eru gerðar kröfur. Í leiðara Blaðsins fyrir skómmu „Skattsvik á háum stöðum“ var fullyrt að stjórnmalamenn sviki undan skatti, ekki sist þegar prófkjör nálgast og því bætt við að „fólkið sem setur okkur lögin (sé) nefnilega ekkert líklegra til að fara eftir þeim en við hin.“ Þetta eru stór orð. Ef þar við verður látið sitja liggja allir stjórnmalamenn undir þessum ásökunum, varnarlausir. Það er óskemmtileg tilhugsun. Er ekki full þörf á að hreinsa andrúmsloftið?

Uppákoma af þessu tagi ýtir undir þá sjálfsegðu kröfu að fjármál stjórnmalaflokka hætti að vera pukurmál. Lýðræðisins vegna er það slæm framvinda að frambjóðandi skuli vart eiga möguleika í prófkjöri nema hafa bakhjarla sem eru reiðubúnir að leggja fram svo og svo margar milljónir króna til að kosta framboðið.

Pingmenn tala fyrir opnara þjóðfélagi. Vonandi eru það ekki bara orðin tóm. s.h.

Á þessum degi fyrir 30 árum

„Enginn breskur togari á Íslandsmið

„Það er rétt að hér eftir fer enginn breskur togari til veiða á Íslandsmiðum, nema samkomulag náist milli Íslands og EBE um áframhaldandi fiskveiðiréttindi“, sagði Austin Laing, formaður samtaka breskra togaraútgerðarmanna, í samtali við MBL í gærkvöldi. Laing sagði að það væri ekkert vit í því frá sjónarmiði útgerðarinnar að senda skip á Íslandsmið með það yfirvofandi að þau yrðu að hætta veiðum í miðri veiðiför.

Laing sagði að menn væru kvíðafullir yfir þeirri óvissu sem ríkti um þessi mál og yrði athyglisvert að fylgjast með þróuninni. Hann sagði sendinefnd talsmanna fiskiðnaðarins færi með einkaflugvél til Brussel í fyrramálið til viðræðna við Finn Gundelach, áður en hann heldur til Íslands, til að leggja áherzlu á það við hann, hversu mikilvægar áframhaldandi veiðar séu fyrir útgerð og atvinnulíf í Hull, Grimsby og Fleetwood.

Grunnskólabörn á gönguskíðum á Eyrartúni



Nemendur í 4. bekk Grunnskólans á Ísafirði skelltu sér á gönguskíði á Eyrartúni í dag. „Við höfum reynt að iðka einhverja útvist á hverjum miðvikudegi til að nemendur sem og við kennarnir fái auka hreyfinu. Við tókum okkur ýmislegt fyrir hendur og til dæmis vorum við að renna okkur á ruslapokum í síðustu viku, en nú urðu gönguskíði fyrir valinu“, segir Margrét Halldórsdóttir, umsjónarkennari í 4. bekk. Hin norska Áshild Sporsheim, yfirþjálfari skíðagönguliðs Ísfirðinga í vetur leiðbeindi börnunum og er aldrei að vita nema á meðal þeirra hafi reynst upprennandi gönguskíðakappar. „Ég vona að þetta hafi orðið til þess að áhugi einhverra hafi vaknað á skíðagöngu. Þó það hafi verið strekkingsvindur held ég að allir hafi skemmt sér vel. Mér finnst alltof oft að hætt sé við atburði vegna veðurs og vildi ekki hætta við núna“, segir Margrét.

thelma@bb.is

Skíðasvæði Ísfirðinga komið fram úr í rekstri

Formaður göngunefndar Skíðafélags Ísfirðinga er ósáttur með að ekki er hægt að hefja æfingar á skíðasvæði þrátt fyrir nægan snjó en Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir Skíðasvæði Ísfirðinga vera komið fram úr í rekstri. „Ekki var um annað að ræða en stöðva rekstur þar til fengist hefur aukafjárveiting, nýjar tekjur eða annað sem getur breytt stöðunni“ segir Halldór og bætir við, „Ísafjarðarbær hefur af miklum metnaði rekið skíðasvæðið og lagt til þess mjög mikið fjármagn á undanförunum árum í góðu samstarfi

við Skíðafélagið.“

Gönguskíðabraut var troðin með vélsleða á golfvellinum í Tungudal um síðustu helgi að áeggjan Göngunefndar Skíðafélags Ísafjarðar en Kristbjörn Sigurjónsson formaður göngunefndar SFÍ var myrkur í máli þegar hann ræddi þá stöðu sem Skíðafélagið er í þessa dagana. Segir hann Skíðafélagið vera búið að leggja mikinn pening í að bæta aðstöðu á skíðasvæðinu og þá sérstaklega á alpagreina-svæðinu og nú sé nægur snjór. „Það er bara ekki til neinn peningur hjá bænum í þetta og þess vegna eru skíða-



Skíðasvæði Ísfirðinga.

svæðin lokuð, við erum bara að gera þessar brautir í sjálf-

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 eirukur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

JÓLA FÖNDUR

Glæsileg stífræn myndavél og ljósmyndaprentari sem prentar þínar myndir beint í jólakortin. Pappir og blek fylgja með.*

*Eftir kaup á myndavél og ljósmyndaprentari.

KODAK

C5330 og Ljósmyndaprentari

Myndavél, prentari, pappir og blek

- Myndavél með 5 megapíxla myndavél
- Ljósmyndaprentari sem prentar myndir beint í jólakortin
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir
- 100 ark 10x15 cm ljósmyndapappir

Office 1

Adins 29.900.-


Búðu til persónuleg jólakort!



VERÐ FRÁ: 495 kr.



VERÐ FRÁ: 77 kr.



VERÐ FRÁ: 359 kr.



VERÐ FRÁ: 1.375 kr.



VERÐ FRÁ: 2.395 kr.



VERÐ FRÁ: 345 kr.



VERÐ FRÁ: 1.395 kr.



VERÐ FRÁ: 459 kr.



VERÐ FRÁ: 699 kr.



VERÐ FRÁ: 99 kr.



Afgreiðslutímar
Office 1 heitið
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4190

Office 1 Superstore

Einarshús fær styrk frá Bolungarvíkurkaupstað

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að veita fyrirtækinu Við Djúpið ehf styrk sem nemur fasteigna-gjöldum til þriggja ára, en félagið á Einarshús við Hafnargötu í Bolungarvík þar sem veitingastaðurinn Kjallarinn er m.a. til húsa. Styrkurinn er veittur með þeirri röksemd að um uppbyggingu á gömlu húsi með mikið menningarsögulegt gildi fyrir Bolungarvíkurkaupstað sé að ræða. Bæjarráð tók einnig ákvörðun um að sambærilegar umsóknir verði í framtíðinni sendar menningarráði til umsagnar og gerði eftirfarandi drög að viðmiðunarreglum sem skulu gilda í þessum efnum en bæjarráð felur menningarráði að fullmóta reglurnar. Einarshús er nefnt eftir athafnamanninum Einari Guðfinnssyni sem þar bjó á sínum tíma.

Fjallað um erindi Leiðar ehf. við gerð samgönguáætlunar 2007-2018

Erindi Leiðar ehf. varðandi gerð jarðganga milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar verður vísað til samgönguráðs og fjallað verður um það við gerð samgönguáætlunar 2007 - 2018. Forsaga málsins er sú að Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Leiðar ehf., skrifði Sturla Böðvarssyni, samgönguráðherra, bréf þar sem segir meðal annars að ljóst sé að sá milljarður króna sem ætlaður hefur verið til að auka öryggi þeirra sem þurfa að aka til og frá Bolungarvík með jarðgangnagerð, dugi vart nema til að gera ein stutt göng. Í bréfinu var bent á þann möguleika að stofna einkahlutafélag um eignarhald ganganna sem þá sæi um fjármögnun þeirra, og að ríkissjóður gæti síðan leigt göngin af einkahlutafélaginu til einhvers tíma. Leið ehf. bauðst til að leggja lið sitt til að koma þessu fyrirkomulagi í kring að hluta eða að öllu leyti ef þess er óskað.

Væri þá gert ráð fyrir því að ríkissjóður, samgönguráðu-

neytið, Vegagerðin eða hver sá aðili sem legði fram þann milljarð sem ætlaður er til verksins, legði hann til einkahlutafélagsins sem framlag eða styrk en félagið tæki lán fyrir þeim fjármunum sem upp á vantar. Ríkið myndi svo greiða ákveðna fjárhæð til félagsins á ári í leigu. „Auk þess mætti vel hugsa sér að sveitarfélögin á svæðinu tækju þátt í kostnaði og greiddu árlegt framlag og einnig þeir sem ækju um göngin með hóflegum veggjöldum til að tryggja að göng verði lögð sem nýfast best til framtíðar lítið“, segir í bréfi Jónasar.

Einnig kemur fram í bréfinu að Jónas telji sjálfur að rúmra 6 km göng frá Syðridal í Bolungarvík að Tungudal í Skutulsfirði sé heppilegasta lausnin, þó kostnaður við slík göng sé verulegur og myndi eflaust þýða að kostnaður væri nokkuð hærri en nefnt er hér að ofan. „Á það skal hins vegar bent að með slíkum göngum sýnist blasa við að sveitarfélögin sameinuðust með þeim



Óshlið.

ávinningi sem í því fælist og ætti því vel að koma til greina að einhverjir fjármunir fengj-ust fyrir það.“ Næst bestan

kost telur Jónas að gerð verði göng frá Syðridal í Hnifsdal. Jónas nefnir það einnig sem möguleika fyrir félagið sem

hann leggur til að verði stofn-að að það geti haldið áfram í fyllingu tímans og unnið að breikkun einbreiðra hluta Vest-

fjarðagangna og jafnvel kom-ið að gerð gangna til að tryggja öryggi á leiðinni frá Skutuls-firði í Álftafjörð. —*thelma@bb.is*

Tuttugu hafa skráð sig í æfingabúðir fyrir VASA gönguna

Tuttugu gönguskíðamenn hafa skráð sig til þátttöku í æfingabúðum, sem haldnar verða á Ísafirði dagana 23.-26. nóvember, fyrir væntan-

lega VASA-göngufara og aðra gönguskíðakappa. „Skráðir þátttakendur eru orðnir 20 og þar af koma 10 úr Reykjavík sem er gleðilegt þar sem erfitt

hefur verið að rífa upp áhug-ann á gönguskíðum í þeirri borg. Vonandi er að þessi aukni áhugi þar efli fjöldann sem stundi skíðin“, segir á

vef Skíðafélags Ísfirðinga. Undirbúningurinn er nú hafinn á fullum krafti en meðal þess sem boðið verður upp á eru troðnar brautir, leið-

sögn og fyrirlestrar. Leiðbeinandi verður Áshild Sporsheim frá Noregi, yfirþjálfari skíða-gönguliðs Ísfirðinga í vetur. Fossavatnsgangan stendur

straum af kostnaði við troðslu brauta og leiðsögn, þannig að námskeiðsgjald verður ekkert. Nánari upplýsingar er að finna á vef Fossavatnsgöngunnar.

■ STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Val á lista og kosningar að vori

Nú hefur Sjálfstæðisflokkur lokið vali, með ýmsum aðferðum þó, á lista í fimm af sex kjördæmum landsins. Samfylkingin er á sama róli. En Frjálslyndi flokkurinn og elsti starfandi stjórnmálaflokkur landsins, Framsóknarflokkur, eiga enn langt í land og verða að öllum líkindum mun íhaldsamari en stóru flokkarnir við valið. Búast má við handvirkum aðgerðum. Vinstri grænir fara sennilega millivegin og stilla upp eða fara leið prófkjörs eftir atvikum. Enn er langt til kosninga og svo sem ekki vitað hvað gerist til vors. Þó má búast við því að flokkarnir fimm sitji einir að hitunni eins og landið liggur nú. Ekki er að sjá vísbendingar um nein sérframboð, önnur en þá Frjálslynda flokksins.

Mjög hefur verið rætt um hlut kvenna á framboðslistum. Almennur kjósendi vill örugglega hafa jafnræði með kynjum. En hvornig í ósköpunum dettur nokkrum manni í hug að hægt sé að gæta jafnræðis með öllum við kosningar. Væri svo ættu allir fulltrúa á Alþingi í samræmi við hlutfallslega stærð þess hóps sem þeir vilja telja sig til, sem gæti ráðist af mörgum ástæðum, aldri, kyni, menntun, störfum eða skoðunum á einstökum þjóðmálum. Til þess að sinna síðasta þættinum hafa menn einmitt stofnað með sér stjórnmálaflokka. Þó hugmyndin kunni að vera góð, að tryggja einhvers konar jafnrétti þar sem tekið er tillit til allra, er jafnframt ljóst að hún mun ekki ganga upp í þeim veruleika sem við búum við. Þar með er ekki sagt að

óæskilegt sé að konur séu jafn margar í framboði og karlar. Það er einmitt æskilegt, fyrst og fremst vegna hæfileika þeirra og sýnar á lífið og tilveruna, sem gefur meiri möguleika á góðum pólitískum lausnum. En það þýðir ekki að jafnræðis sé gætt með öllu. Hvað með alls kyns minnihlutahópa, að ekki sé talað um þá er minna mega sín og hafa aðrar skoðanir á lífinu og tilverunni en fjöldinn?

Vissulega munu sumir framboðslistanna líta fremur hallærislega út við fyrstu sýn, ekki síst listar stóru flokkanna. En því má ekki gleyma að sumir þeirra eru leiddir af hæfileikaríkum og eftirtektarverðum konum. Nægir að nefna ráðherra menntamála og fyrirverandi borgarstjóra. Líkast verður listi Framsóknarflokks í Reykjavíkirkjördæmi leiddur af konu, núverandi umhverfisráðherra. Hver verða afdrif elsta stjórnmálaflokksins í næstu alþingiskosningum? Kannanir benda til lítils fylgis.

Sumir vilja meina að á Sjálfstæðisflokki sé eins konar fangamark, sem kunni að hafa áhrif á útkomu hans í kosningum. Kjarni málsins er einfaldur. Þegar til kastanna kemur skiptir mestu hver málefni eru og hvort og hvornig alþingismönnum tekst að koma þeim í framkvæmd. Lítið er rætt um málefni enn sem komið er. Í þeim efnum má segja að Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra hafi sýnt hvað mest frumkvæði í vetur varðandi varnar- og öryggismál. Mættu margir taka hann sér til fyrirmyndar.



Söfnuðu fyrir fæðingardeild FSÍ

Fimm fræknar stúlkur héldu hlutaveltu á dögunum til styrktar fæðingardeild Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði og söfnuðu 9.250 krónum. Höfðu þær heyrt af því að sjúkrahúsið væri að safna fé til að kaupa sérstök teppi fyrir börn sem þjást af gulu. „Við vildum hjálpa börnum að lifa af“, segir Viktoría Kristín Víktorsdóttir, ein stúlkanna. Auk Viktoríu voru þær Eva Rut Benediktsdóttir, Alexía Ýr Ísaksdóttir, Agnes Lára Agnarsdóttir og Ingibjörg Magna Hilmarsdóttir með í hlutaveltunni. Stúlkurnar eru níu ára fyrir utan Ingibjörgu Mögnu sem er fimm ára.

Háar sektir fyrir að aka sviptur ökurétti auk fleiri brota

Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Vestfjarða í lok september yfir manni sem sýslumaðurinn í Bolungarvík hafði ákært fyrir að aka fjórum sinnum sviptur ökurétti og að aka jafn oft vel yfir leyfðum hraðamörkum á ýmsum stöðum á Vestfjörðum á tímabilinu júní til ágúst 2006. Maðurinn hafði áður hlotið dóm fyrir að aka sviptur ökurétti og var því um ítrekuð brot að ræða. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var stuðst við ákvæði reglugerðar, sem kveður á um að sektarfjárhæðir vegna einstakra umferðarlagabrota, en þar segir að sekt fyrir akstur öðru sinni eftir að hafa verið sviptur ökurétti skuli vera 100.000

krónur. Jafnframt var farið að ákvæðum, þar sem segir að sektir þar sem fleiri brot eru afgreidd í einu lagi skuli vera samtala sekta vegna hvers brots um sig. Eftir þessu var maðurinn dæmdur til að greiða 540.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins annars sæta 30 daga fangelsisvist. Maðurinn var sviptur ökurétti í einn mánuð auk þess sem fjórir punktar voru færðir í ökuferilsskrá hans. Er þetta líklega með hærri sektardómum vegna umferðarlagabrota, sem kveðnir hafa verið upp.

annska@bb.is



Héraðsdómur Vestfjarða.



Bónus.

Bjór seldur í Bónus?

Bæjarins besta hafa borist fjölmargar ábendingar um það að á föstudaginn síðasta hafi verið hægt að kaupa Thule bjór í verslun Bónus á Ísafirði. „Ég frétti að það væri verið að selja bjór fyrir mistök í Bónus frá maka mínum sem frétti þetta í vinnunni. Við fórum í Bónus og fundum umræddan bjór. Það stóð Beer efst á dósinni og þegar við lásum nánar stóð þar greinilega 5% Thule, ég keypti því tvo kassa. Við opnuðum einn til að vera

viss um að um bjór væri að ræða sem var tilfellið“, segir heimildarmaður blaðsins sem vildi ekki láta nafns síns getið. Bergvin Eypórsson verslunarstjóri Bónus sagðist ekki vita til þess að í versluninni hefði farið fram áfengissala um helgina. „Það er farið yfir allar vörur sem hingað berast og ef það hefur eitthvað slæðst með þá hefur það verið algjörlega án okkar vitundar“ segir Bergvin og bætir við „ef svo ólíklega vill til að þetta sé satt

þá hafa það verið einhverjar nokkrar dósir, við náttúrulega seljum ekki bjór.“ Bergvin segir að langt sé síðan keyptur var inn Thule pilsner síðast og það sé alveg af og frá að selt hafi verið heilt bretti af áfengum bjór eins og grófasta útgefna af sögunni gaf til kynna. Stefán Torfi Sigurðsson starfsmaður Víðilfells á Ísafirði hafði heyrt af þessu. „Það var hringt í mig á laugardag og mér sagt þetta. Ég fór strax

inn í Bónus, jafnframt því sem ég hringdi í Víðilfell fyrir sunnan og spurði um þetta.“ Stefán segir að ekki hafi verið vitað til þess að nokkur mistök hefðu verið gerð í höfuðstöðvum Víðilfells og segist hann jafnframt þekkja alla ferla sem eiga sér stað við vöruafgreiðslu og þetta eigi ekki að geta gerst. Stefán segist ekki hafa verið nokkurs vísari í málinu. „Ég fann engan bjór í Bónus og get ekki staðfest að þetta hafi gerst.“



AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

Hafin er vinna við gerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Settur verður á fót *samráðshópur* sem samanstendur af fulltrúum mismunandi hagsmunaaðila. Þannig verður *félagasamtökum og fyrirtækjum* gefinn kostur á að taka þátt í og hafa áhrif á gerð skipulagsins. Aðalskipulagið tekur til alls sveitarfélagsins, en sérstakur samráðshópur mun fjalla um Hornstrandasvæðið. Þau félög og fyrirtæki sem áhuga hafa á þátttöku eru hvött til að hafa samband við Teiknistofuna Eik, sem er skipulagsráðgjafi í þessari vinnu, fyrir 15. desember 2006. Nánar er fjallað um aðalskipulagið á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is.

Teiknistofan Eik ehf.
Suðurgata 12
400 Ísafirði
Sími: 456 0160
Netfang: gunnar@snerpa.is

Sviðsstjóri umhverfissviðs



Atvinna

Lyfja á Ísafirði leitar að sjálfstæðum og metnaðarfullum starfsmanni. Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina við val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölu-lyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk annarra tilfallandi verkefna.

Um er að ræða starf allan daginn og 1-2 laugardaga í mánuði. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Þór, lyfsali Lyfju á Ísafirði í síma 456 3009 og á netfanginu jonas@lyfja.is.

Umsóknir sendist til: Lyfja Ísafirði, Pollgötu 4, 400 Ísafjörður.

„Á síðasta ári varð ég óvænt alvarlega veik og mátti ekki tæpara standa. Það var mikið áfall að komast að því að ég gat hreint ekki allt sem ég vildi og ætlaði. Ég gaf mér ekki tíma til að jafna mig að fullu áður en ég fór aftur að vinna, gaf ekkert eftir æddi áfram á viljastyrknum, ég kunni ekki annað en vinna og halda áfram. Það fór ekki betur en svo að ég örmagnaðist fékk svo alvarlegt þunglyndi að ég var óvinnufær í nokkra mánuði.“

„Það þarf sterk bein til að vera femínisti“

– viðtal við Matthildi Ágústu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Snerpu á Ísafirði og veitingamann á Langa Manga

Matta í Snerpu eins og hún er oft kölluð er engin venjuleg kona. Hún er með eindæmum fjölhæf og kraftmikil. Hún hefur löngum verið þekkt fyrir að vera með munninn á réttum stað og eitt af því skemmtilegra sem hún gerir er að munnhöggvast aðeins. Það er fátt sem Matta hefur ekki skoðun á, hvort sem það er um fötin sem hún klæðist eða síðustu aðgerðir stjórnsvalda. Henni líkar það vel að eldast og ber virðingu fyrir hverju ári sem dettur inn og segir því stundum að hún sé „fimmtíu mínus“ þó hún sé rétt skriðin yfir fertugt og hún skilur ekki hvernig fólk getur fest í því að vera „tuttugu plús.“ Til að bakka það upp fílar hún vel að vera orðin gráhærð því hún segir alla liti fara svo vel við grátt. Hún er búsett á eyrinni á Ísafirði með manni sínum Guðmundi Hjaltasyni og börnum þeirra þeim Birtu og Einari.

Matthildur segir sterka réttlætiskennð vera rauða þráðinn í gegnum líf sitt og hún segist alltaf hafa verið femínisti en hún hafi bara ekki vitað hvað það hét svona fyrsta kastið. Hún man vel eftir kvennafrídeginum 1975 en hún var þá 9 ára og stödd í Reykjavík með móður sinni sem tók þátt í kröfugöngunni. Þá var hún skilin eftir heima hjá Siggu frænku og man eftir þeim inni í eldhúsi og hversu óþolandi löng biðin var eftir fréttunum. Henni fannst þetta hræðilegt óréttlæti að fá ekki að fara með niður í bæ, því hún vissi að það var eitthvað rosalegt í gangi og skynjaði baráttuhuginn.

Það er vel við hæfi að byrja að spyrja Matthildi hvort hún hafi fengið kvenréttindahugann með móðurmjólkinni?

„Ég held að ég hafi ekki fengið neitt sérstaklega „femínískt“ uppeldi ef svo má að orði komast. Ég er alin upp í sveit í Alvíðru við Dýrafjörð. Þar bjuggu foreldrar mínir, amma, tvær eldri systur og tveir yngri bræður. Foreldrar mínir unnu báðir mikið bæði á búinu og við annað. Mamma vann langan vinnudag í Nýps-skóla og var í raun að vinna mikið meira en 100% vinnu. Þar sem foreldrar okkar voru uppteknir við vinnu þurftum við systkinin mikið að ala okkur upp sjálf og bjarga okkur þó amma hefði ekki verið langt undan. Auðvitað vorum við alltaf látin vinna eins og tíðkast í sveitum sem okkur krökkunum fannst oft heldur súr.“

Eftir á að hyggja sé ég hvað þetta var gott uppeldi. Þegar að maður einn daginn stendur fyrir framan vinnuveitanda og þarf að selja honum hver maður er og hvað maður hefur upp á að bjóða, þá er nú gott að kunna að vinna. Það er engin tilviljun að „sveitalubbar“ eru vinsælir í vinnu, þeir kunna að sjá samhengið á milli hlutanna, það gerist ekkert nema þú vinnir og reddir hlut-

unum, það er ekki þannig í sveitinni að ef einhver vél er biluð að þá sé kannski bara ekki heyjað það árið. Við systkinin fengum líka gömul gildi í veganesti og var kennt að hver manneskja ber ábyrgð á sér og að sjá fyrir sér. Ég verð stundum alveg gáttuð að fylgjast með fólki á svipuðu reki og ég sem finnst bara allt í lagi að einhver annar haldi sér uppi og þá er ég að tala um fullkomlega heilbriggt fólk sem hefur alla burði til að bjarga sér.“

Það á enginn að þurfa að geta allt

„Mamma sagði alltaf við okkur að við gætum orðið allt sem við vildum, það væri bara mismikil vinna að ná takmarkinu. Þetta hefur reynst mér gott veganesti og fyllt mig krafti í hverju sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Einn galli er þó á þessari ágætu líffspeki því stundum kemur maður að gjásem maður kemst ekki yfir. Það getur verið sjokk fyrir manneskju sem trúir að hún geti allt. Á síðasta ári varð ég óvænt alvarlega veik og mátti ekki tæpara standa. Það var mikið áfall að komast að því að ég gat hreint ekki allt sem ég vildi og ætlaði. Ég gaf mér

ekki tíma til að jafna mig að fullu áður en ég fór aftur að vinna, gaf ekkert eftir æddi áfram á viljastyrknum, ég kunni ekki annað en vinna og halda áfram. Það fór ekki betur en svo að ég örmagnaðist fékk svo alvarlegt þunglyndi að ég var óvinnufær í nokkra mánuði. Það bjargaði mér að ég á góða vini og fjölskyldu sem kom mér til láknis því ég var í algjörru afneitun um ástand mitt. Leiðin til bata er hæg en örugg, það hefur hjálpað mér mikið að ég get grín að öllu saman. Ég var mjög gleyminn þegar ég var sem verst og vissi ekki eftir hádegi hvern ég hafði hitt fyrir hádegi eða hver gerði hvað, einu sinni borgaði ég börnunum auka vasapening því þau höfðu verið svo dugleg í eldhúsinu, þau eyddu peningnum en játuðu svo fljótlega að ég hafði sjálf tekið til og ekki munað eftir því. Ég keypti stundum í matinn eftir litum og settheringum. Þetta var líka oft erfitt og ekkert sniðugt. Ég fékkst stundum ekki út úr húsi og þoldi ekki að fólk ávarpaði mig af fyrra bragði. Ég vildi bara fá að vera í friði.“

–Matta segir það vera mjög gott að hafa þann varnagla á líffspekinni að ef maður getur ekki alveg allt, þá sé það bara allt í lagi.

„Ég er búin að vera framkvæmdastjóri Snerpu frá árinu 1999 og mér finnst mjög gaman að stjórna og ég er ekkert feimin við að segja að mér finnst mjög skemmtilegt að „ver“ ann“. Það er svolítið slungið að fá það besta fram í fólk, því það virkar ekkert sama aðferðin á alla. Framkvæmdastjórinn er límið innan fyrirtækisins og sá sem dregur vagninn áfram. Mér finnst stundum alveg skammarlegt hvað fólk í stjórnunarstöðum vanrækir starfsfólkið sitt og heldur að það skipti litlu máli. Staðreyndin er hinsvegar sú að ef að starfsfólkið þitt er óánægð þá einfaldlega vinnur það illa. Ábyrgðin endar alltaf á þeim sem stjórnar, ef starfsmaðurinn er ekki að vinna vel þá er hann annað hvort ekki á réttri hillu eða ekki rétt þjálfður og hver á að leysa úr því? Sá sem ræður.

Fyrir mig skiptir líka mórallinn í fyrirtækinu miklu máli og ég er mjög hreykin af því að hjá Snerpu er mjög góður starfsandi og hans er líka gætt. Ég hef sjálf verið að vinna á vinnustað þar sem var arfa-slæmur starfsandi og ég get fullt þyrst að þar vann enginn á fullum afköstum, því það voru allir svo uppteknir af úlfúðinni sem þar ríkti.

Mér líkar vel að vera í þessu hlutverki og þetta fer alveg saman að blanda framkvæmdastjórnunum og listakonunni, svona allavega á meðan að ég get ekki verið alveg tvær aðskildar manneskjur. Ég er nefnilega svolítið ör og stundum finnst mér eins og ég þyrfti að vera tvær manneskjur til að geta gert allt sem mig langar til eins og að ferðast til dæmis, ég hef ekki gert nóg af því

Það hefur verið sagt að maður sé það sem maður étur, en ég er það sem ég vinn. Þá á ég við að stór hluti af minni sjálfsmynd er hvað ég starfa við enda kynni ég mig yfirleitt sem Matthildi í Snerpu. Ég er auðvitað margar, Matthildur listakona og hönnuður, mamma,

amma og Matta hans Gumma Hjalta svo nokkrar séu nefndar. Ef ég á að vera alveg heiðarleg um hver þeirra ég er innst inni, þá er það líklega þessi listræna. Það er afskaplega nauðsynlegt að gleyma ekki að sinna þeim þætti í sjálfum sér sem verður að skapa, hvaða form sem hann velur. Andlegt jafnvægi og líðan fer mikið eftir því. fara út í náttúruna til að njóta þess að horfa á dýrðina, allt í kring um okkur eru stórkostleg listaverk og birtan gefur umhverfinu nýtt útlit oft á dag. Ég fer oft upp í fjall eða niður í fjöru til að ná mér í orku og hugsa. Sérstaklega er gott að hugsa við sjóinn og ég sit stundum á varnargarðinum á bak við Ölduna, hugsa mitt og leysi mál-in.“

Að þora að vera öðruvísi

„Maður þarf ekkert alltaf að spá í það í hvaða röð á að gera hlutina. Mér finnst fólk oft svo fast í því í hvaða röð á að gera hlutina. Það má vel vera að mörgum finnst ég haga mér asnalega, en mér finnst það í góðu lagi, hef bara lúmskt á fullum afköstum, því það voru allir svo uppteknir af úlfúðinni sem þar ríkti.

Mér líkar vel að vera í þessu hlutverki og þetta fer alveg saman að blanda framkvæmdastjórnunum og listakonunni, svona allavega á meðan að ég get ekki verið alveg tvær aðskildar manneskjur. Ég er nefnilega svolítið ör og stundum finnst mér eins og ég þyrfti að vera tvær manneskjur til að geta gert allt sem mig langar til eins og að ferðast til dæmis, ég hef ekki gert nóg af því

Það hefur verið sagt að maður sé það sem maður étur, en ég er það sem ég vinn. Þá á ég við að stór hluti af minni sjálfsmynd er hvað ég starfa við enda kynni ég mig yfirleitt sem Matthildi í Snerpu. Ég er auðvitað margar, Matthildur listakona og hönnuður, mamma,

eða hópinn. Þetta er einhverslags innbyggður þverginningsháttur að vilja labba þvert á fjöldann.

Vinir mínir eru líka margir sérkennilegir. Mamma segir til dæmis að ég safni furðu-fuglum og núna móðgast allir vinir mínir“, segir Matta og hlær. „En þetta er frábærasta fólkíð sem kemur hreint til dyranna, er óendanlega skemmtilegt og kemur á óvart.“

Jafnrétti á vinnumarkaðinum

– Matta hefur sterkar skoðanir á jafnrétti í hvaða mynd sem er.

„Við sjáum það sem er að gerast í pólitíkinni í dag, konur eru ekki að komast að og það er augljóst að það er að endurspeglja það sem er að gerast í samfélaginu, kvenréttindi þykja bara ekki „kúl.“ Það er ágætt bara að láta nokkrar frekar konur að berjast í þessu í stað þess að taka öll höndum saman og leiðréta misréttið.

Eini tíminn í lífi mínu sem ég upplifði jafnrétti var á menntaskólaárunum og ég held að það sé kannski vegna þess að ég var bara ekkert að spá í þetta á þeim árum. Um leið og ég kom út á vinnu-markaðinn upplifði ég launa-misrétti. Ég fór að vinna í Landsbankanum og við vorum nokkur sem byrjuðum þarna um vorið eftir menntó, ég kemst að því um haustið að ég var á lægri launum en þeir strákar sem voru ráðnir inn á sama tíma þó við hefðum öll sama grunn. Ég fór og ræddi þetta við deildarstjórnann sem ráðlagði mér eindregið frá því að tala um þetta við starfmannastjórnann, hún skyldi frekar fara og tala máli mínu. Þetta var svo leiðrétt en sat svo fast í mér að ég sagði upp stuttu seinna.

Ég hef lent í því í Snerpu að það var einu sinni lokað á nef-ið á mér þegar ég var á leiðinni inn á fund með sérfræðingum að sunnan því manninum datt ekki í hug að ég ætt neitt erindi

„Ég verð stundum alveg gáttuð að fylgjast með fólki á svipuðu reki og ég sem finnst bara allt í lagi að einhver annar haldi sér uppi og þá er ég að tala um fullkomlega heilbrigt fólk sem hefur alla burði til að bjarga sér.“

inn á lokaðan fund. Þetta hlyti bara að vera símastúlka eða eitthvað. Ég var líka stundum verið spurð að því hvort ég væri konan hans Bjössa eða Jóns sem var hér í Snerpu, því fólki fannst svo ótrúlegt að einhver kona út í bæ hafi verið ráðin í stöðu framkvæmdastjóra. Varla gat kona hafa átt fullt erindi í svona starf. Ég er alltaf jafn hissa þegar ég heyri í konum í valdastöðum sem segjast aldrei hafa upplifað það að vera misrétti beittar, ég á bágð með að trúa því enda eru svona sögur svo algengar.

Við konur gerum ekki nægilega miklar kröfur, ég er ekkert að leyna því. Ég minnst þess þegar ég var í starfsviðtalinu í Snerpu og fór fram á einhver viss laun þá var það ekki samþykkt sem ég held að sé nú ekkert óalgengt í launaviðtölum. Nema hvað að ári síðar dettur inn um lúguna bréf þar sem verið er að ræða launamismuninn sem þá var 30% og konum bent á að ef að þeim dytti til hugar einhver viss tala fyrir vinnu sína ættu þær að bæta við hana 30% og biðja um þá upphæð. Ég fór að reikna og komst að því að sú tala sem ég bað um var í þessum „karlalaunum“ en ef ég bætti 30% á það sem ég bað um var það sama upphæð og ég bað um. Ég er svo sem ekki að segja að í mínu tilfelli hefði karlmaður fengið hærri laun en kannski hefði karl ekki þegið stöðuna. Í starfi mínu hef ég að sjálfsögðu tekið fólk í launaviðtöl og staðreyndin er sú að strákarnir eru almennt betri með sig. Atvinnuumsóknir frá körlum og konum eru líka mismunandi, karlmenn eru miklu duglegri að týna allt til. Þeir eru óhræddari við að taka sénsinn og segja sig færa í flestan sjó. Ég held að þetta hljóti að vera uppeldisatriði þar sem drengjum er uppálagt að taka áhættu en stúlum er innprentuð vandvirkni. Það hjálpar líka ekki íslensku þjóðinni í jafnréttisbaráttu sinni að Forsætisráðherra tali um það að hann hafi aldrei skipt um á rúminu sínu sem mér finnst grátlegt. Sumum finnst þetta bara fyndið og þetta skipti engu máli, en það skiptir allt máli.

SPRÓN fékk jafnréttisverðlaunin núna á dögum þeir beita athyglisverðri aðferð, í fyrirtækinu er starfsmaður sem sér um að fara yfir launasamninga og fylgjast með því að jafnrétti ríki í launamálum. Launaverndin kyndir líklega undir misrétti en ég er ekki endilega sammála því að aflétta henni, ég vil geta launað góðu starfsfólki.“

Konur og stjórnmal

„Ég man þegar að Vigdís var kosin forseti og þó að ég hafi bara verið krakki þá man ég eftir að hafa haldið með henni og sérstaklega vegna þess að mér fannst hinir svo dónalegir við hana af því hún átti ekki mann þá átti hún ekki að geta stjórnað landinu.

Mér finnst sorglegt hversu fáar konur eru í stjórnun fyrirtækja og líka það hversu sjaldan fjölmiðlar velja sér konur til álitsgjafar í viðtölum. Því er oft borið við að konur bara vilji ekki vera með, það er bara ekki rétt ég þekki fullt af konum sem aldrei eru spurðar álits og það má spyrja hvernig verður maður álitsgjafi í sjónvarpsþætti. Ef blaðamenn hafa áhuga geta þeir t.d. farið inn á kvennaslodir.is og fundið upplýsingar um kvensérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmiðið er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega. Við verðum að fara að berja í borðið það hefur sýnt sig að slagsíðan í launamisréttinu og valdaleysi kvenna er ekkert að lagast að sjálfu sér.

Þegar að konur fengu kosningarétt á Íslandi fengu hann ekki sjálfkrafa allar konur strax, heldur þurftu konur til dæmis að þurfa að vera 40 ára til að mega kjósa. Það þótti svo ósanngjarnt gagnvart þeim sem þangað til höfðu ráðið og kosið að allt þetta magn atkvæða myndi skyndilega streyma inn, þeir yrðu að fá aðlögun því annað væri bara mjög óréttlátt. Síðan er frekar sniðugt að hugsa til þess að þegar að kvennaframboðið var svo stofnað á sínum tíma að þá sögðu menn að þetta væri það sem þeir hefðu alltaf óttast að konur myndu gera þetta rífa sig upp og bara stofna sinn eigin flokk. Konur, þetta er bara helmingur þjóðarinnar og ímyndið ykkur bara hvað þær geta gert. Þær geta haft áhrif og völd. Þessi afsökun er enn í gildi þeir sem hafa völdin vilja ekki láta þau af hendi.“

Jafnrétti inn á heimillinu

Hvað með heimilið sem löngum hefur verið vígvöllur kvenna?

„Ég er ekki að tala gegn því að einhver kjósi að vera heimavinnandi en mér finnst skrítið að sjá ungar konur detta út af vinnumarkaðinum sjálfkrafa. Mér sýnist það yfirleitt virka þannig að í upphafi sambanda sé jafnrétti, síðan koma börnin og þá fer jafnréttið út um gluggann. Mér finnst fedraorlof alveg frábær hlutur en mér finnst alltof algengt að fedur nýti sér það



„Að vera femínisti er að vera manneskja sem sér að jafnrétti kynjanna er ekki náð og vilja gera eitthvað í því, þess vegna er ég femínisti. Núna er í tísku að tala niður til femínista og það þarf sterk bein til að vera femínisti.“

„Persónulega er ég á móti fegurðarsamkeppnum. Mér finnst þessi útlitsdýrkun sem er í gangi alveg hræðileg. Ekki fyllist ég neinu stolti yfir sigrum kvenna og karla í slíkum keppnum, mér finnst þvert á móti vera gert lítið úr fólki.“

Þannig að bæði hann og móðirir eru þá heima á sama tíma. Það vinnur gegn tilganginum, auðvitað ætti þetta að vera þannig að þegar að faðirinn er í feðraorlofi sínu þá fer móðirin út að vinna. Það er allt of oft þannig þegar fjölgar í fjölskyldum er verkaskiptingun sjálfkrafa þannig að karlmaðurinn vinnur meira en fullan vinnudag og konan fer tíma-bundið af vinnumarkaði. Þannig ná karlmenn minni tengslum við börn sín konur eiga minni framavon í vinnu og pólitík. Mér stundum dottið í hug að fólk ætti ekki að hefja sambúð fyrr en það hefur lokið námskeiðinu „Sambúð 101“ þar sem farið er ytarlega í verkaskiptingu, því annars er nefnilega afar hætt við því að hlutirnir lendi á öðrum aðilinum sem er eflaust ekki al-sæll með það. Í ástarvinnu sem heyrar á fólk fyrsta hluta sambúðarinnar þá er fólk oft til í að leggja ýmislegt á sig en vaknar svo tuttugu árum síðar að það hefur fest sig í hlutverkinu og er ekki þar hrífið.

Karlmenn eru oft í vörn út af jafnréttismálum og það er oft eins og þeir sjái ekki að þeir eru hin hliðin á þessu og þeir munu græða svo óendanlega mikið á jafnrétti kynjanna. Mér finnst staða ungra manna á leið inn í sambúð ekkert öfundsverð þar sem krafan á þá um að þéna betur til heimilisins er enn til staðar. Þessi pressa er raunveruleg. Síðan ef slitnar upp úr samböndum þá fara börnin sjálfkrafa til móður og við höfum öll séð mýmörg dæmi þess þegar að börnin lenda á milli og eru jafnvel notuð í skilnaðardeilum. Ef við komum á jafnrétti í þessu landi þá lagast þessi mál líka, það liggur í orðinu að jafnrétti er náttúrulega á báða böga.“

– Hvað er að vera femínisti?
„Að vera femínisti er að vera manneskja sem sér að jafnrétti kynjanna er ekki náð og vilja gera eitthvað í því, þess vegna er ég femínisti. Núna er í tísku að tala niður til femínista og það þarf sterk bein til að vera femínisti. Ég þekki ungar konur sem ræða helst ekki jafnréttismál við jafnaldra sína því þær nenna hreinlega ekki að vera dæmdar fyrir það, þetta er auðvitað sorglegt. Umræðan fer stundum út í skútkast og vitleysu. Margir telja sig vita alveg hvað það er að vera femínisti sumir halda að femínistar séu ljótar kerlingar sem hata karlmenn og raka sig ekki undir höndunum. Það eru til öfgar í allar áttir. Þetta er eins og ég færi að segja að allir sjálfstæðismenn vildu einkarekna skóla út um allt land og að



allir vildu þeir selja Ríkisútvarpið. Þetta er auðvitað ekki svona. Innan ramma femínismans rúmast mjög fjölbreyttar skoðanir. Fólk sem er fylgjandi fegurðarsamkeppnum og fólk sem er á móti þeim, rétt svona eins og innan Samfylkingarinnar rúmast fólk sem er með virkjanafraamkvæmdum á Kárahnjúkum og fólk sem er á móti þeim.“

Fegurðarbraskið

„Persónulega er ég á móti fegurðarsamkeppnum. Mér finnst þessi útlitsdýrkun sem er í gangi alveg hræðileg. Ekki fyllist ég neinu stolti yfir sigrum kvenna og karla í slíkum keppnum, mér finnst þvert á móti vera gert lítið úr fólki. Ungfrú rakakrem og herra líkamssprey, ég verð að viðurkenna að ég skil alls ekki hugmyndafræðina. Ef börnin mín vildu fara í slíkar keppnir myndi ég gera allt sem ég gæti til að stoppa þau.“

Mér finnst í góðu lagi að fólk hafi sig til og vilji líta vel út, en að enginn geti endað á forsiðum blaðanna án þess að vera „fótósoppaður“ í hel er hræðilegt, það er sem sagt ekki þorandi lengur að sýna venjulegt fólk lengur ef marka má fjölmiðla nýlega.

Ég minnst þess að hafa horft á fyrirsætukenningu í sjónvarpinu með dóttur minni þar sem konurnar þurftu að ganga í skóm sem voru tveimur númerum of litlir. Þetta áttu allar góðar fyrirsætur að geta, til hvers spyr ég? Annaðhvort passa fötin á þig eða ekki, það á ekki að vera þannig að þú þurfir að passa í fötin þú átt að geta fundið þér fót sem passa á þig. Við lifum í veröld þar sem markaðurinn leitast við að steypa okkur öll í eitt mót. Ein stærð passar öllum, allir hrukkausir með beinar tennur með fyrirfram ákveðið útlit. Ekkert mál að skella sér undir hnífinn stækka hér og minnka þar. Meira að segja kynfærin fá ekki að vera í friði. Við erum með mismunandi líkamssgerðir. Fjölmiðlar halda við ruglinu og það er varla hægt að skoða tímarit í dag án þess að rekast á enn eitt bullið um það hvernig karlar eigi að vilja hafa konur. Tökum Vikuna sem dæmi, sem mér finnst satt að segja mjög skaðlegt blað. Í einu tölublaðinu voru fjórir ungir karlmenn fengnir til að segja álit sitt á nokkrum konum sem voru á brókinni, þeir tjáðu sig fjálglega um mitti og læri enda voru þeir aldrei spurðir hvort einhverju skipti ef konurnar væru

skemmtilegar og klárar. Hvaða skilaboð er verið að senda konum með þessu. Þarna erum við að tala um fjölmiðla sem stuðla að mjög brenglaðri sjálfsmýnd kvenna og karla.

Ef að ég væri geimvera sem kæmi hingað frá Femínistaplánetunni og fyrsta sem ég gerði á Íslandi væri að fletta í gegnum blöðin, þá myndi ég halda að allar konur væru fall-egar og allir karlmenn myndu vaða í peningum. Þannig eru blöðin. Ef karlmenn langar til dæmis að vera grunnskólakennari þá segir samfélagið bara að hann sé lúði af því að hann er ekki í milljónabaskinu. Ef kona nennir ekki að hafa sig til á hún engan séns í pólitík.“

Jafnréttisuppfraðsla fyrir þjóðina

„Það hlýtur að vera svo að hlutirnir leiti í skynsamlegustu lausnina. Skynsamlegasta lausnin finnst mér vera sú að karlmenn og kvenmenn beri sem jafnasta ábyrgð á rekstri heimila, ummönnum og kennslu barna, stjórn fyrirtækja og stjórn landsins.“

Ég segi að það þurfi hreinlega að jafnréttisuppfraða alla þjóðina og gera fólki grein fyrir að það er jafnrétti í öllu.

Þeir sem stjórna hafa ekkert spáð í þessa hluti fyrir alvöru, það kom vel í ljós þegar dómsmálaráðherra lét það út úr sér að jafnréttislögin væru barn síns tíma, en hann hafði þá einmitt brotið lögin. Mér finnst skynsamleg umræða um hlutina vera á algjöru undanhaldi á tímum þar sem allt þarf að vera í slagordastíl. Ef við tölum um Alþingi okkar Íslendinga og bæjarstjórnir þá virðast málin þar ekki vera rædd á breiðum grundvelli, hvað þá að almenningur geti tekið þátt í umræðunni. Yfirleitt er búið að ákveða úrlausn mála þegar þau koma fyrir okkar sjónir. Það ríkir foringjavalld og vagninn í flokkunum draga oftast en ekki tveir eða þrír karlmenn og það er á þeirra valdi hvaða ákvarðanir eru teknar. Það er eins og umræðan sem slík sé bara dauð og sé hreinlega fyrir og ef einhver vill ræða hlutina ofan í kjölinn þá er hann bara með stæla. Ég velti því oft fyrir mér hversvegna við erum að borga 65 manns laun á Alþingi ef það eru svo bara einhverjir 5 sem taka allar ákvarðanirnar, það er hægt að gera helling fyrir mismuninn. Mér finnst þetta kerfi vera einhver skrumskæling á lýðræðinu. Sá sem vill ræða hlutina er úthrópaður

sem öfgasinni og er rakkaður kerfisbundið niður.

Ef við tökum nærtækt dæmi og tölum um hvalveiðarnar. Það hefði nú verið voðalega gott að ræða það aðeins áður en við rukum af stað, þó það hefði verið samþykkt fyrir 6 árum síðan. Ég er til dæmis alveg á báðum áttum í því máli og ég hefði viljað umræðu þar sem við hefðum getað komist að einhverri skynsamlegri niðurstöðu ekki fá enn eina staðfestinguna á leiðtögalýðræðinu sem hér ríkir.“

Ameríka og Bush

– ...og talandi um leiðtögalýðríki.

„Ég er nýkominn úr ferðalagi frá Bandaríkjunum, en ég var að koma þangað í fyrsta sinn. Við Gummi skelltum okkur með börnin. Ég er frekar fúl út í Bush út af öllu þessu vopnaskaki hans en það gladdi mig ósejanlega að ég hitti ekki einn einasta stuðningsmann hans þarna úti. Ameríkanar komu mér á óvart, áður en ég fór út var ég uppfull af fordómum og ranghugmyndum. Ég hélt að þeir styddu Bush og þarna væru feitir vitlausir karlar og fallegar kerlingar, svona eins og í sjón-



Dagatal með afmælisdögum allra íbúa

Foreldrafélag leikskólans Glaðheima í Bolungarvík undirbýr þessa dagana útgáfu dagatals. Félagið mun innan tíðar bjóða dagatalið til sölu og mun allur ágóðinn verða notaður til endurnýjunar eða kaupa á útileiktækjum fyrir leikskólann. Meðal þeirra upplýsinga er foreldrafélagið stefnir á að birta á dagatalinu eru nöfn og afmælis dagar allra íbúa Bolungarvíkur. „Það er von foreldrafélagsins að dagatalið hljóti góðar viðtökur og að íbúar Bolungarvíkur sýni stuðning sinn við verkefnið með því að festa kaup á dagatalinu“, segir á vef Bolungarvíkur. Þeir íbúar sem kunna að vera því mótfallnir að nöfn þeirra og afmælis dagar birtist á dagatalinu eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Jenný í s. 892 8807 eða senda tölvupóst á nefangið ylfamist@simnet.is og tilkynna um það fyrir 25. nóvember.

varpsþáttunum. Upp til hópa væru Ameríkanar feitir og illa upplýstir. En það var nú öðru nær, upp til hópa var fólkið sem ég kynntist afar fjölbreytt og skemmtilegt.

Við fórum til New York sem er eiginlega ekki hægt að lýsa nema þá kannski með lýsingarorðinu New York. Áður en við lögðum af stað einsettum við okkur það að reyna að ná kjarnanum, ekki skipuleggja af mikið og ferðast frekar á eigin vegum en að fara í skipulagðar túristaferðir. Það vildi nú ekki betur til en svo að við villtumst í neðanjarðarkerfi New York borgar og sennilega erum við einu manneskjurnar sem verðirnir hafa hleypt aftur inn í kerfið eftir að hafa verið komin út, því við bárum okkur svo aumlega. En þarna vorum við búin að vera á Amerískri grund í rúman sólarhring og alveg búin að ná tökum á þessu Ameríkusmjaðri, við sögðum bara „Iceland loves you“ og þá stóðu okkur allar dyr opnar. Eini ferðamannastaðurinn sem við vildum skoða var Frelsisstytan sem fyrir mér var það langfrægasta við Ameríku. Krakkarnir voru líka spenntir og fannst mikið til alls koma. Okkur langaði líka til þess að kíkja í veðlánarabúð, við þekktum þær auðvitað bara úr bíó og þótti forvitnilegt fyrirbæri. Við keyptum reyndar ekki neitt en fannst þetta alveg stórmerkilegt og ég mæli með heimsókn í svona búð. Það er frekar sérstakt að sjá Garðsláttuvélar, ríffla og saxafóna vera stillt upp í röð og skuggalegan afgreiðslumann sem aldrei hefur farið á þjónustunámskeið.“

„Frá New York fórum við til Kansas City að heimsækja Holly Hughes, listakonuna sem bjó hér á Ísafirði um hríð og kallar sig enn Vestfirðing, það var mjög gaman. Hún sýndi okkur borgina og fór með okkur út um allar trissur meðal annars út í skóg þar sem hún á hús. Í Kansas City bjuggum við hjá mömmu hennar sem er alveg stór merkileg kona. Við sátum yfir morgunkaffinu og ræddum pólitík og jafnréttismál. Hafi ég verið í einhverjum vafa um það hvort við ættum að gera tvöfalt kerfi í heilbrigðis- og menntamálum hér á Íslandi áður en ég fór út þá sannfærðist ég endanlega. Kerfið þeirra í Bandaríkjunum er mjög vont, eftir því sem þú ert neðar í þjóðfélaginu því verri heilsugæslu og menntakerfi fæðistu inn í. Þetta er fátækragildra og þó að þeir séu með þetta skólastyrkjakerfi, þá þarftu að vera afburðarnemandi til þess að eiga einhvern möguleika á

því að fá styrk. Það er ekki fyrir meðal námsfólk. Ameríski draumurinn um að fátækt fólki geti meikað það er ekki raunveruleikinn í dag þó að það hafi kannski verið hægt einhvern tímann. Stjórnvöld í Bandaríkjunum eru búin að búa þannig um hnútana að það er ekki lengur hægt. Enn sem komið er á fólk á Íslandi nokkuð jafna möguleika en ég held að ef við fórum eitt-hvað að slíta þetta kerfi í sundur þá séum við búin að eyðileggja það. Við Íslendingar töllum stundum um þessa akfeytu Ameríkana og ég var alltaf að bíða eftir því að sjá allt þetta feita fólk sem þar á að búa. New York tók ég ekki eftir neinni feitri manneskju, enda eru þeir alltaf á hlaupum. Ég sá svona einn og einn í Kansas en ég skammast mín fyrir að viðurkenna að það var ekki fyrr en í Leifsstöð að ég sá feita fólkið, okkur Íslendingana.“

Langa Manga ævintýrið

– Matta eignaðist fyrir ári síðan kaffihúsið Langa Manga ásamt Guðmundi manni sínum, var það búíð að vera á döfinni að eignast kaffihús?

„Við vorum satt að segja ekki á leiðinni að kaupa Langa Manga þegar það gerðist. Við Gummi erum ansi skemmtanaglatt fólk ef svo má að orði komast. Gummi náttúrulega poppari og búin að vera að spila á böllum og pöbbum síðan hann var unglingur. Ég hef aftur á móti alltaf haft gaman að því að skemmta mér í góðra vina hópi og stunda skemmtanalífið Svo við höfðum bæði ákveðnar skoðanir um hvernig við vildum hafa þetta. Það var í raun komið að máli við okkur og okkur boðið staðurinn til kaups og eftir svolitla umhugsun ákváðum við að slá til. Gummi rekur staðinn ásamt sínu ágæta starfsfólki. Við tókum við skemmtilegum stað þar ríkir kaffihúsastemming á daginn og á kvöldin tekur við barstemning. Um helgar höfum við lagt metnað okkar í að bjóða upp á lifandi tónlist. Það reyndar kemur sér vel fyrir Gumma að geta gripið í gítarinn eða önnur hljóðfæri ef aðrir trúbadorar liggja ekki á lausu en við viljum geta skapað umhverfi fyrir nýja trúbadora að spreyta sig, þeir geta kannski byrjað með að taka nokkur lög inn á milli hjá öðrum og síðan bætt við sig eftir því sem þeim vex ásmegin og ég vil endilega hvetja konur sérstaklega til að koma og prófa.“

– annska@bb.is

Ofanflóðahætta á vegum

Í tilefni af umræðunni undanfarna mánuði vegna fyrirhugaðrar jarðganga-gerðar í Öshlíð langar mig að koma eftirfarandi á framfæri: Engin formleg viðmið eru til um það hvar viðunandi er að leggja vegi þegar litið er til hættu á snjóflóðum og grjóthruni. Þó má vera ljóst að allt önnur viðmið gilda fyrir vegi en íbúða-byggð. Þegar um er að ræða íbúðabyggð er verið að horfa til endurkomutíma snjóflóða sem talinn er í hundruðum og þúsundum ára, en endurkomutími er sá tími sem að meðaltali líður á milli hliðstæðra atburða. Ástæðan er sú að, þrátt fyrir allt, eyðum við stórum hluta af tíma okkar heima hjá okkur og viljum ekki að snjóflóðahætta í heimahúsum sé einn af stærstu áhættuþáttunum í lífi okkar eða barn-

anna okkar.

Aftur á móti eyðum við mjög litlum tíma á hverjum vegarkafli. Sem dæmi má nefna að ef ekið er á 60 km/klst tekur það einungis eina mínútu í hvert sinn að fara 1 km kafla, eða 6 sek að fara 100 m. Meðal annars þess vegna er alls ekki víst að svæði sem metið er sem C-svæði (rautt svæði) fyrir íbúðabyggð sé óviðunandi sem vegarstæði. Við þetta má bæta að ef 700 bílar að meðaltali fara um ákveðinn veg á hverjum sólarhring á 60 km/klst meðalhraða, þá er enginn bíll á hverjum 100 m kafla um 95% tímans. Umferðin er þar að auki jafnan minni á dögum þegar veður er vont og flest snjóflóð falla og einnig falla oft snjóflóð á lokaðan veg.

Að meðaltali féllu meira en 20 snjóflóð á ári yfir veginn um Öshlíð á árunum 1997-



Harpa Grímsdóttir.

2005. Ekki er vítað um tíðni grjóthruns þar sem það er ekki skráð. Á veginn um Súðavík-urhlíð féllu um 45 snjóflóð á ári að meðaltali á árunum 1991-2005. Þar sem flóð eru svona tíð er líklegt að áhætta vegfarenda vegna snjóflóða á vegunum sé umtalsverð og hugsanlega óviðunandi.

Ef slíkur vegur er færður á stað þar sem snjóflóð fellur að meðaltali á 50-500 ára fresti, má telja víst að áhætta fyrir vegfarendur af völdum snjóflóða minnki mjög mikið og verði vel innan eðlilegra marka, þrátt fyrir að áhættan væri alls ekki talin viðunandi fyrir íbúðabyggð og svæðið metið sem C-svæði (rautt svæði).

Vegagerðin mun væntanlega láta meta áhættu vegna ofanflóða á nýju vegarstæði. Þá verður hægt að bera niðurstöðurnar saman við núverandi veg um Öshlíð, enda er tilgangurinn með gangagerð á þessum stað einmitt sá að draga úr hættu vegna grjóthruns og snjóflóða.

Harpa Grímsdóttir, forstöðumaður Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands á Ísafirði.



Súðavík.

„Stór viðburður í sögu Súðvíkinga“

Niðurstöður úr tilraunaholum sem gerðar voru í Álftafirði í síðasta mánuði til leitar að heitu vatni voru mjög jákvæðar. „Ég tel að það sé óhætt að fagna, því þetta er stór viðburður í sögu Súðvíkinga. Búið er að staðfesta að það er hitavatnskerfi á svæðinu með 120 gráðu hita á kílómetrann sem er forsenda þess að hægt sé að fara út í frekari framkvæmdir“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Níu hitastigulsholur voru boraðar í

landi Svarfhóls í Álftafirði í október og mældist sú heitasta með 117 í hitastigul sem þykir mjög gott.

„Tilmæli Hauks Jóhannessonar til okkar var að halda eindregið áfram. Næsta skref er að bora þrjár tilraunaholur til viðbótar sem fyrst og fremst verður til þess að aðstoða okkur við að ákveða hvar stærsta holan eigi að vera staðsett. Raunhæft er að það geti verið framkvæmt næsta vor. Við munum því nota tímann í vetur til þess að vinna að kostnaðar- og rekstraráætlun og athuga

hversu margir myndu nýta sér hitaveituna.

Við gerum miklar væntingar um að sem flestir muni nýta sér hitaveituna en það er forsenda þess að hægt verði að koma henni í framkvæmd. Við þurfum að kanna hvort íbúar séu tilbúnir að leggja á sig þann kostnað sem því fylgir en það þarf að koma fyrir tengi frá lóðarmörkum inn í hús og gera ýmsar breytingar á inntakinu svo hægt sé að nýta þetta heita vatn.

Þessum fyrsta áfanga er lokið og fór hann fram úr

björtustu vonum. Næsti áfangi er að kanna forsendur þess að fara út í framkvæmdir, ef þær gefa tilefni til þá munum við halda áfram“, segir Ómar Már. Vonir standa til þess að rannsóknarvinnu og hagkvæmnisútreikningunum verði lokið í kringum áramótin. Kostnaðaráætlun verksins hljóðar upp á 12 milljónir króna, og greiðir Orkubú Vestfjarða, sem er umsjónaaðili verksins, fjórðung af kostnaðinum.

– thelma@bb.is



Svona gæti Torfnæsriðið litið út ef hugmyndir Úlfars ná fram að ganga. Það væri ekki amalegt að hafa svona heilsuræktarmiðstöð með sundlaug á svæðinu.

Útópían hans Úlfars

Fyrir síðasta prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ bauð sig fram Úlfar nokkur Ágústsson sem Vestfirðingur er vel kunnur. Ekki hafði hann árangur sem erfiði í þeim slagnum en eftir standa mjög svo framúrstefnulegar hugmyndir hans um Ísafjörð sem hann lagði fram í kosningabaráttunni. Úlfar segir miklu máli skipta fyrir Vestfirðinga alla að byggja upp sem sterkan höfuðstað og þjónustukjarna á Ísafirði, því mun meiri líkur séu á að minni samfélög þrífist í kringum öflugan kjarna. Bæjarins besta ákvað að skerpa aðeins á þessum hugmyndum með aðaláherslu á Torfnæsrið.

– Úlfari vefst ekki tunga um tönn þegar á þetta er minnst.

„Torfnæsriðið er þannig frá náttúrunnar hendi, að þar er afar þægilegt og tiltölulega ódýrt að ná mikilli landfyllingu til margvíslegra nota.

Mestallt rífið kemur upp úr á fjöru og grunnur þess er líklega neðsti hluti Stóruðarinnar.

Hugmyndin mín er að moka upp nyrsta hluta rífsins fyrir skemmtibátahöfn og nota fyllingarefnið að hluta til í fyllingu fyrir mannvirkin á rífinu.

Notast mætti við grjótvörn á norðurhlíðinni, en austurhlíð og hluti af suðurhlíð yrði stálþil vegna bryggju fyrir stór skemmtiferðaskip. Meginhluti suðurhlíðar yrði svo sandströnd ætluð til sjóbaða, sem breyttist í ylströnd þegar

heita vatnið finnst í fjarðarbotninum. Á suðurhlíðinni yrði síðan byggð sundlaug með alhliða líkamsrækt, setlaugum, heitum pottum og vatnsrennibrautum og yrði þetta bæði utan dyra og innan. Nyrst á lóðinni kæmu svo tvær 8 hæða íbúðarblokkir ætlaðar fólki eldra en 60 ára.

Sjávargangur upp á Skutulsfjarðarbrautina í vestanáttum, sem er mestur á þessum kafla hverfur að mestu með fyllingunni til mikilla hagsbóta fyrir eigendur ökutækja og fasteigna meðfram brautinni.“

– Þessar hugmyndir fengu ekki mikinn hljómgrunn, þó mörgum hafi þótt þær áhuga-verðar, hefur eitthvað breyst?

„Nú má víða finna fyrir framkvæmdahug í Ísfirðingum og virðist sem fólksflóttanum sé að linna í Skutulsfirði. Mikilvægt er að fylgja þessum viðhorfum eftir og að bæjaryfirvöld taki undir með dugmiklu einkaframtaki um framkvæmdir líkt og þessa. Ólíklegt er að þarna þurfi að koma til mikilla fjárútláta af hendi bæjarins, en tilhlíðrun og samstaða eru mikilvægir þættir.

Hugmyndin er að vinna allt verkið í einkaframkvæmd, þótt fleiri en eitt fyrirtæki bæru alla ábyrgðina. Bent er á að stóru fasteignafélagin í Reykjavík hygga nú á stórt strandhögg á Akureyri, ef til vill liggur leiðin næst á Ísafjörð.

Þannig mætti hugsa sér sem samstarfsaðila, eitt fyrirtæki

sem fyllti upp og ætti landið, annað sem byggði og ræki íþróttamannvirkið, þriðja sæi um íbúðir og þjónustu fyrir aldraða og fjórði aðilinn ætti hafnarmannvirkin.

– Pollurinn á Ísafirði hefur löngum verið talinn til ýmissa hluta nýtsamlegur og þá sérstaklega hefur hann verið nefndur í umræðunni um einhverslags sjósportmiðstöð að undanförmu.

„Vaxandi sportbátageign Ísfirðinga er farin að kalla á nýframkvæmdir í aðstöðu fyrir smábáta. Aukin sókn annarra landsmanna eftir öruggu bryggjuþlássi fyrir báta sína yfir sumarið og fjöldi erlendra skúta, sem hér eiga eftir að eiga viðdvöl í vaxandi siglingum til Grænlands kalla á stórhuga lausn.

Flotbryggjur í Torfnæsbugnum í skjóli fyrir öllum veðrum eru ekki aðeins öruggar heldur er staðsetningin við miðbæinn mikilvæg fyrir vaxandi ferðamannaumferð og kæmi til með að lyfta miðbæjarmyndinni gríðarlega.

Hafskipabryggjan utan á fyllingunni er byggð á þeirri sannfæringu að Pollurinn sé eitt fegursta og skjólsælasta stórskipalægi í heiminum, sem Sundahöfn getur aldrei orðið.

Samkvæmt þeirri þróun sem orðið hefur á síðustu árum í siglingum farþegaskipa um norðurhöf má reikna með að hér verði þörf fyrir a.m.k. tvo viðlegukanta fyrir 300 metra löng skip. Ef ekki verður brug-

ðið við þannig að það verði orðinn veruleiki eftir 10-15 ár munu stærstu skipin annað tveggja forðast Ísafjörð, eða liggja út á Prestabugt, með hálfu minni tekjumöguleikum fyrir höfnina og miklu minni viðskipti við vaxandi ferðamannaverslun í bænum.

Þjónusta við skemmtiferðaskip er orðin afar mikilvæg atvinnugrein víða í norðurhöfum s.s. í Alaska og í Noregi. Menn verða að gera sér grein fyrir, að ef rétt er á spöðunum haldið er verið að tala um 1000-5000 gesti á dag í þrjá til fjóra mánuði allt fólk með mikla kaupgetu sem er tilbúið til að borga vel fyrir vörur og þjónustu sem efnafólk almennt sækist eftir.

Engum vafa er undirorpið að hægt er að koma þessum skipum inn á Pollinn, sem er allur nógu djúpur, aðeins þarf að breikka sundin og skera af Suðurtanganum sem er ekkert nema sandur. Það efni nýttist svo fullkomlega, að hluta á Torfnæsriðinu, en aðallega til landfyllingar í fjarðarbotninum, þar sem þá fengist ódýrt byggingarland á besta stað í bænum.

Hafnarnefnd og bæjarstjórn þyrftu að skoða þessi mál í samhengi og skoða kostina við að fá verkin unnin á hálfvirdi. Rétt er að benda á í þessu sambandi að ekki þarf þá að skerða þjónustugetu Sundahafnarinnar fyrir vörutugninga, sem nú er reiknað með að fari að aukast aftur.

– Við lifum á tímum þar

sem fólk vill fá tækifæri til að hafa það gott inn á milli yfirleitt langs vinnudags, Úlfar kemur líka með hugmyndir um hvernig hægt er að nota svæðið sem heilsuparadís.

„Nú standa yfir viðræður einkaaðila og bæjarstjórnar um að reisa nýja sundlaug við hlið nýja íþróttahússins og er þar lögð megin áhersla á að samnýta starfsfólk. Rétt er að benda á að þarna er verið að fórna frjálsíþróttaaðstöðu, sem var komið fyrir með ærnum kostnaði fyrir nokkrum árum, auk þess, sem afar erfitt er að stækka mannvirkið. Menn tala nú um nauðsyn 25 metra sundlaugar, þegar önnur svipuð byggðarlög eru að koma sér upp 50 metra laugum. Annað er að sundlaugarmannvirki nútímans á Íslandi eru að minnstausti leitað til almennrar sundiðkunar. Ef grannr er að gáð eru flestir gestirnir í busllaugum, heitum pottum eða leiktækjum svo sem vatnsrennibrautum.

Með því að reisa nýju sundlaugin á Torfnæsriðinu er nóg rými fyrir stækkun síðar, öll heimsins vatnsleiktæki og baðströnd að auki, sem væri einsdæmi á Íslandi. Ef þetta mannvirki er byggt af framsýni og kjarki er augljóst að það á eftir að hafa mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna og vilja til búsetu á Ísafirði.“

– Mörgum fundust hugmyndir Úlfars um þjónustu-íbúðir fyrir aldraða góðar.

„Ísfirðingum ætti að vera holt að huga að flestir Ísfirð-




Úlfar Ágústsson.

ingar búa á Reykjavíkursvæðinu. Þeir hafa leitað suður af ýmsum ástæðum. En þegar aldurinn færast yfir leitar gjarnan hugurinn til heimahaganna. Ef hægt væri að bjóða þessu fólki nútímaíbúðir með öllum þægindum á besta stað á Ísafirði, rétt við miðbæinn og félagsþjónustu aldraðra, með útsýni norður á strönd eða inn í fjörð verður að teljast afar líklegt að 50-60 íbúðir væru fljótar að seljast.“ Úlfar segir að á fyllingunni verði mikill fjöldi bílastæða, sem nýttist vaxandi menntaskóla og fjöldaathöfnum í íþróttahúsi, auk bíla ferðamanna, en bílastæðavandamál fara vaxandi í miðbæ Ísafjarðar með stórauðnum fjölda ferðamanna.

– Hvernig sérð þú fyrir þér að þetta geti gengið upp?

„Nauðsynlegt er að deiliskipuleggja svæðið og reikna út stærðir, s.s. flatarmál, rúm- mál fyllinga og gera burðarþólmælingar á rífinu ásamt grófri kostnaðaráætlun.

Framtakssamir menn og framsýnir stjórnmalámennt eiga bara að bretta upp ermarnar og tvíhenda sér í þetta stóra verkefni, sem sannarlega mundi breyta ásynnd Ísafjarðarbæjar“



Það myndi breyta ásynnd og hlutverki Pollsins til muna ef flott hafnaraðstaða væri við Torfnæs. Teikningarnar gerði Ómar Smári Kristinsson.

Með algera yfirburði

Þrír aflahæstu smábátarnir í október koma allir frá Bolungarvík. Það vekur athygli að Hrólfur Einarsson ÍS er aflahæstur smábáta undir 10 br.tonn með 144,4 tonn og leysir þar af hólmi aflakónginn Guðmund Einarsson ÍS sem er í þriðja sæti með 137.1 tonn. Sírrý ÍS er í öðru sæti með 143,5 tonn. „Í flokki smábáta yfir 10 bt. höfðu Bolungarvíkurbátarnir algjöra yfirburði og voru með mun meiri afla en þeir sem komu í 4. til 6. sæti“, segir í nýjasta tölublaði Fiskifrétta.

Hvernig samfélag viljum við byggja

Fjölgun nýrra íbúa er staðreynd sem leiðir til þess að við sem búum hér verðum að bregðast við á einhvern hátt. Á Ísafirði hefur lengi verið mikið um borgara frá öðrum löndum, fólk sem hefur auðgað samfélagið okkar og við erum löngu hætt að taka eftir að er ekki fætt sem Íslendingar.

Lykilatriði í viðbrögðum okkar við þeirri fjölgun sem nú á sér stað er að við hugsum um hvernig samfélag við viljum byggja. Því, við sem fyrir erum, verðum áfram partur af þessu samfélagi og það er okkar að hafa jákvæð mótandi áhrif á það.

Það getur verið hollt fyrir okkur að skoða samfélögin

hér næst okkur og hvernig staða mála er þar. Algengt er að innflytjendur á hinum Norðurlöndunum séu láglaunafólk sem lítinn aðgang hefur að samfélagi innfæddra og upplifir sjálft sig sem utangarðs í samfélagi. Það að upplifa sjálfan sig sem annars flokks borgara leiðir til þess að viðkomandi reynir að finna leiðir til að sanna sig gagnvart samfélaginu á annan hátt. Þetta leiðir oft til hegðunar sem flestir telja neikvæða. Við þurfum að læra af mistökum frændþjóða okkar og gera betur. Ekki dugar að bjóða ódýrt vinnuafli velkomið til landsins, við verðum að bjóða raunverulega íslenskukennslu bæði fyrir börn og

fullorðna og kynna samfélagið fyrir nýjum íbúum. Þetta er eflaust dýr þjónusta en það er líka dýrt fyrir samfélagið að sitja uppi með öll þau vandamál sem fylgja neikvæðri hegðun og fordómum. Við verðum að hugsa um hvaða gildi það eru sem við viljum láta móta samfélagið okkar. Við verðum að spyrja okkur sjálf nokkurra grundvallarspurninga.

Til dæmis hvort við viljum að börnin okkar alist upp við fordóma gagnvart þjóðarbrotum eða jafnvel heilu þjóðunum. Hvort við viljum að þau læri að það sé allt í lagi að líta niður á suma samborgarara sína, jafnvel vegna uppruna þeirra. Hvaða áhrif



Jóna Benediktsdóttir.

myndi slíkt hafa á samfélagið okkar þegar til lengri tíma er litið? Og síðast en ekki síst, hvað segir það um okkur sem manneskjur ef okkur finnst þetta í lagi? Svör okkar við þessum spurningum ráða því hvernig samfélagið okkar þróast og móta þannig framtíð okkar.

Lifandi samfélag sem við erum hluti af og tökum þátt í að móta með skoðunum okkar, viðhorfum og framkomu hvert í garð annars.

Jóna Benediktsdóttir.

Ný gjaldskrá vínveitingaleyfa samþykkt í Bolungarvík



Bolungarvík.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt nýja gjaldskrá og reglugerð varðandi úthlutunir á vínveitingaleyfum í Bolungarvíkurkaupstað. Samkvæmt hinni nýju gjaldskrá kostar leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 krónur, leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 krónur, leyfi til eins árs eða skemur 30.000 krónur, leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 krónur og tækifærisvínveitingaleyfi 5.000 krónur. Tækifærisleyfi er aðeins gefið út til ábyrgðarmanna húsnæðis

is og er aðeins gefið út þegar sérstaklega stendur á. Bæjarstjóri eða skrifstofustjóri gefa út tækifærisleyfi í umboði bæjarráðs. Umsækjandi vínveitingaleyfis skal hafa vínveitingaleyfi, annast á eigin ábyrgð alla sölu og veitingu áfengis og annist sjálfur og greiða fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té. Gjaldskrá og reglur voru samþykktar af bæjarstjórn einu hljóði.

thelma@bb.is

Reykjanes við Djúp eitt af best geymdu leyndarmálum Íslands

Í nýjasta tölublaði Grapevine er fjallað um Reykjanes við Ísafjarðardjúp. Þar er Reykjanesi helst talið til frægðar sundlaugin sem byggð var árið 1934 í stærð ólympíulaugar og fyllt er með náttúrulega heitu vatni. Laugin er sögð vera eins og stór heitur pottur frekar en sundlaug og þegar að best lætur jafnast heimsókn í hana ekki við neitt

annað sem gestir kunna að upplifa á Íslandi. Í greininni segir að þögnin sem ríkir í Reykjanesi sé af þeirri gerð að fólk ferðist heimsálfa á milli til að upplifa slíkt og það hljóti því að vera að Reykjanes sé eitt best geymda leyndarmál ferðabransans.

Reykjanes er sagt eitt fárra jarðhitasvæða á Vestfjörðum og að þar þrífist mikið fugla-

og dýralíf sem væri kjörið fyrir hvers kyns náttúruunnendum. Einnig er sagt frá því að hótél sé starfrækt í gamla heimavistarskólanum og dvöl þar gæti vel hentað ferðamönnum með þröngan fjárhag.

Fjölmargir jarðhitapottar eru sagðir í nærliggjandi fjörðum og þar sem þeir eru sagðir faldir þá kunni Grapevine ómögulega við að uppljóstra

staðsetningunum, en sagði hins vegar að heimamenn vildu eflaust glaðir greina áhugasömum vatnunnendum frá staðsetningu þeirra.

Reykjavík Grapevine er íslenskt tímarit á ensku, ætlað ferðamönnum. Blaðið kemur út aðra hverja viku að sumri til og mánaðarlega að vetri til eða alls 18 sinnum á ári.

— annska@bb.is

Tilraunir í eðlis- og efnafræði kynntar

Kynning á ýmsum tilraunum í efna- og eðlisfræði var haldin í Menntaskólanum á Ísafirði fyrir skemmstu. Meðal annars gat þar að líta rafgreiningu vatns auk þess sem fundið var sýrustig lausna við ýmsar aðstæður. Fjallað var um mengunarslys líkt og það sem varð við nýju virkjunina á Hellisheiði þar sem kalk var notað til að hlutleysa síru sem lekið hafði út. Einnig voru kynntar mælingar á geislun í umhverfinu og fjallað var um tölvutengd mælitæki og sýnt hvernig þau nýtast við tilraunir í raffræði og við rannsókn á einfaldri hreyfingu með hreyfinema.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
lögglitur fasteignasali
Guðmundur Óli Tryggvason
lögglitur fasteignasali
Hafnarstræti 9 • Ísafirði • Sími 488 3344
Fax 488 4847 • Mælingar eignir@fre.is
Webbsíður www.fre.is

Samtals 218 m² einbýlishúsi á tvímenningarhúsum með innbyggðum bílskúli, eigninni er skipt í 2 íbúur, frábært útsýni. **24.000.000,-**

Einbýli á tvímenningarhúsum ásamt bílskúli, 190 m² að stærð, ný rafhlöðuvæðing og nýtt þak á henni. **24.500.000,-**

Tveggja 20, hestunum 84 m² einbýlishúsi á tvímenningarhúsum ásamt kjallara og 15 m² garðshúsi. **7.500.000,-**

Tveggja 20, hestunum 84 m² einbýlishúsi á tvímenningarhúsum með bílskúli, samtals 230,8 m². Þegar sérhúsið, hentar vel til útleiga. **24.000.000,-**

5 – 6 herbergja íbúð á nýrri hæð í fjölbýli, samtals 138 m². Eignin er mikill endurnýjað. Gætur verið lokað til afhendingar í des 2006. **15.000.000,-**

Einbýlishúsi á einni hæð með bílskúli, samtals 178 m² að stærð. 4-5 svefnherbergi. **13.900.000,-**

167 m² stórreypt reihúsi á tvímenningarhúsum með bílskúli. Fjögur svefnherbergi. **19.500.000,-**

102 m² 4ra herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýli. Söngvæðing í nánasta og 20,8 m² bílskúli. **11.700.000,-**

Samtals 258 m² stórreypt einbýlishúsi á tvímenningarhúsum með stórum innbyggðum bílskúli. **24.500.000,-**

Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

Ljósmyndarinn



Ljósmyndari í nærmynd

Ljósmyndarinn og sagnfræðingurinn Sigurður Gunnarsson býr í Reykjavík, á fall-egu heimili nærri Hallgrímskirkju ásamt kærustu sinni og hvítvöðungi. Bæjarins besta lék forvitni á að heyrja frá ferli Sigurðar sem ljósmyndara og sagnfræðings. Sigurður tók á móti blaðamanni með heitu úrvalskaffi, og við fengum okkur sæti í eldhúsinu á meðan kærastan undirbjó hvítvöðunginn fyrir ungbarnasund.

– Hvað ertu menntaður?

„Ég kláraði stúdentspróf frá Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði, sem heitir nú Menntaskólinn á Ísafirði. Eftir það fór ég út til Ítalíu og bjó þar í eitt ár og vann á flóttamannaheimili í Bolzano, sem er við austurrísku landamærin. Þar vann ég við móttöku flóttamanna og umsjá. Þegar ég kom til baka lærði ég ítölsku við Háskóla Íslands í tvær annir og fór svo eitt ár sem Erasmus-stúdent, 2001–2002,

til Hróarskelduháskóla og lærði þar sagnfræði. Það er dálítill hippaháskóli, þeir eru mjög opnir fyrir nýjum hugmyndum í náminu og eru sem dæmi með mikla hópvinnu. Þetta virkar þannig að maður skilar verkefni í lok hverrar annar, og fyrri önnina gerði ég verkefni um Rastafari-hreyfinguna, og seinni önnina gerði ég verkefni um Kosovo-orrustuna árið 1339. Það fjallaði um það hvernig Kosovo-orrustan birtist í söngvum og kvæðum Serba.“

Allir stjaksettir

– Eru þetta ekki mjög brútal kvæði?

„Jú, þetta eru endalaus morð og svo meira morð, blóð, blóð blóð. Það er heldur engum hlíf kvæðunum, ekki konum og ekki börnum. Það eru allir einfaldlega stjaksettir og þeim svo hent á bál og dansað í kring. Svo er alltaf einhver

eftirsjá. Þeir hugsa sem svo: „Kannski var ég of grimmur hérna, en jæja, tjóir ekki að fást um það núna.“ Rastafari-verkefnið fjallaði um sýn hreyfingarinnar á Afríku, hvernig þeir hafa viljað snúa aftur til Afríku í lögum sínum. Og svo um frammámenn Rastafari-hreyfingarinnar, menn á borð við Marcus Garvey og Haile Sellasie. Eftir það var ég eitt ár í Þýskalandi með fyrrverandi kærustunni minni. Þar var ég aðallega bara að dúlla mér, læra þýsku og svona.

Ég flutti til baka 2003, og þá til Ísafjarðar, og þá fór ég að hafa meiri og meiri áhuga á ljósmyndun. Ég stal gömlu Pentax-vélinni hans pabba, þetta er þrjátíu ára gömul vél og ég tók mikið á hana þá um sumarið. Uppfrá því hef ég verið að taka myndir. Þegar ég kom svo suður hélt ég áfram í sagnfræðinni og kláraði hana 2005. Ég var kominn

það langt að ég vildi klára það, og skrifaði lokaritgerð um félagið Menningartengsl Albaníu og Íslands. Þetta voru jadarmenningsartengsla samtök á sjöunda, áttunda og níunda áratugnum.“

– Þessar tvær sýningar sem þú hefur haldið, eru þær innblásnar af sagnfræðinámi þínu?

„Já, að nokkru leyti. Seinni sýningin mín var af goðum Íslands og ein ástæðan fyrir því að ég vildi gera hana var sú að svo ég viti til hafa goðarnir ekki verið ljósmyndaðir á þennan hátt áður. Það hafa alltaf verið til ljósmyndir af blótum og af allsherjargoðum, Sveinbiri, Jörmundi og Hilmari, en ekki til portrett-myndir af hverjum goða í sínu goðorði í fullum skrúða. Þá eru þeir í sinni kápu, eða sinni skikkju, með horn, staf eða silfurhring – það er allur gangur á því hverju þeir klæðast. Mér fannst þetta mjög áhugavert,

auðvitað eru þetta mjög fótogenísk viðfangsefni, og að auki er þetta að mörgu leyti heimild um það hvernig þeir klæða sig. Ég bað þá alltaf að klæða sig eins og þeir væru á leiðinni á blót. Þá sér maður hvaða tákn þeirra nota, til dæmis, og margir þeirra fóru í einhverja stellingu – héldu uppi hringnum eða héldu horninu að sér, en í því er oft mjöður sem þeir drekka þegar þeir blóta sinn guð.

Ég hef alltaf verið hrifinn af ljósmyndum sem heimild í sagnfræði. Gamlar ljósmyndir segja manni margt um tísku, um vinnubrögð, vaxtarlag, útlit o.s.frv.

– Skapa ljósmyndir meiri tengsl við söguna en hreinn texti?

„Þær skapa fyrst og síðast öðruvísi tengsl. Ljósmyndir segja auðvitað ekki alla söguna. Það er auðvelt að mistúlka ljósmyndir, og þær er hægt að túlka á marga vegu. Í

sagnfræðiritum fylgir alltaf mikill texti með myndunum, einfaldlega af því að myndirnar segja ekki allt. Myndinni verður að fylgja útskýring.“

– Ertu með texta sem fylgdi myndunum á goðasýningunni?

„Nei, það er bara tekið fram hver er goði hvar.

„Melli“

– Segðu mér frá fyrri sýningunni.

„Fyrri sýningin var hluti af samsýningu útskriftarnema úr Ljósmyndaskóla Sissu, og hét „Melli“. Þá tók ég myndir af vini mínum, Mella, en hann fékk krabbamein í eista síðasta vetur. Ég tók ljósmyndir af meðferðinni og reyndi að fylgja honum í daglegu lífi, á kaffihúsi, heima hjá sér, með kærastanum sínum. Ég bjó til ákveðna sögu með því, án þess hún væri í krónískri röð – þetta voru meira myndir af lífi hans,

„Þá tók ég myndir af vini mínum, Mella, en hann fékk krabbamein í eista síðasta vetur. Ég tók ljósmyndir af meðferðinni og reyndi að fylgja honum í daglegu lífi, á kaffihúsi, heima hjá sér, með kærastanum sínum.“

frá ýmsum hliðum Mella. Melli á sjúkrahúsinu, Melli á kaffihúsinu, o.s.frv. Þetta voru 15 litlar myndir, 25X25CM, og svo voru tvær stórar, 100 CMX170CM. Önnur var af honum allsberum fyrir meðferð, og hin af honum allsberum eftir meðferð. Tilgangurinn var að sýna hvaða áhrif meðferðin getur haft á líkamann, og myndir lýsa því betur en orð. Margir sem höfðu gengið í gegnum eitthvað svipað könnuðust við margt þarna. Mest áberandi er hármisirinn, og svo skvapið sem þeir fá á sig vegna þess að það er dælt svo mikið af sterum í krabbameinssjúklinga til að vernda líffærin. Persónulega fannst mér þetta mjög vel heppnað verkefni. Það sýndi mjög vel áhrif meðferðarinnar, og það sýndi vel Mella sem karakter. Hann er hálfgerður bóhem, hangir á kaffihúsum. Hann er samkynhneigður, ég tók myndir af honum með kærastanum sínum. Hann er róttækur, og ég tók myndir af honum niðri í bæ að tala við aðra róttæklinga. Maður gat séð hver Melli er að einhverju leyti á myndunum, en það er hins vegar erfitt að koma orðum að því hver Melli er.

Það misskildu samt sumir sýninguna, en það fylgdi henni enginn texti. Sumir héldu að Melli hefði fengið eyðni, af því hann var að kyssa strák og er samkynhneigður, og margir héldu líka að hann væri ef til vill dauður eða algerlega dauðvona, því ég tók myndir af honum í kirkjugarði með kross á bak við sig. Melli náði sér hins vegar fullkomlega og býr nú í Berlín og nemur kynjafræði.“

– Hefur þessi sýning sagnfræðilegt gildi á sama máta og goðasærian?

„Já, ég held það. Segjum svo myndirnar finnast eftir þrjú hundruð ár, þá verður hægt að púsla saman einhverri mynd af fortíðinni með þessum myndum, eins og við gerum í dag með hundrað ára gömlum myndum. Svo er alltaf spurning hversu meðvitaður ljósmyndarinn er um mögulegt heimildagildi myndanna þegar hann tekur þær. Það getur líka haft fullt að segja. Margir halda til dæmis dagbækur með það að leiðarljósi að einhver muni lesa þær eftir hundrað ár.“

Ljósmyndin sem heimild

„Varðandi heimildagildi ljósmynda þá er hægt að minnst þess að í byrjun síðustu aldar í Þýskalandi sem reyndu að skrásetja þjóðina með ljós-

myndum. Þeir tóku þá myndir af einum bankastjóra, settu hana í bók og merktu: „Bankastjóri“. Svo tóku þeir mynd af tvíburum, mynd af meðlimi í nasistaflokknum, gyðingi – o.s.frv. Menn voru svo kannski komnir með mörg þúsund mynda safn þar sem voru til myndir af fólki úr öllum stéttum, alls konar fólki sem fyrirfannst. Þar var kannski dökkhærður grænmetisali á einni síðu og ljóshærður grænmetisali á þeirri næstu. Margt af þessu er til ennþá og þetta þykja mjög merkilegar heimildir. Sumt var eyðilagt af nasistum því þeim fannst þetta ekki gefa þá mynd sem þeir vildu gefa af þjóðinni.

Svo eru til dæmi þar sem ríki styðja verkefni af þessum toga, eins og gerðist til dæmis í Sovétríkjunum. Þar þjálfaði ríkið ljósmyndara til að taka myndir af afrekum byltingarinnar. Þar á meðal eru margir frumkvöðlar í ljósmyndasögunni. Ef einhver man eftir ljósmyndasögunum sem voru í Bravo-blöðunum í gamla daga, þar sem birtust ljósmyndir með talblöðrum, og sögð var ákveðin saga, þá er það einmitt komið frá Sovétríkjunum. Þá var titillinn kannski: „Ivan Ivanov verkamaður fer til Hvíta-Rússlands að byggja stíflu“, og sögð var sagan af Ivan Ivanov sem fékk ókeypis menntun frá ríkinu til að þjónusta byltinguna, og sýningin endar á því að hann er fullmenntaður verkamaður sem vinnur fyrir flokkinn, en bak við hann er fullkláruð stífla. Margar þessara mynda sem ríkið pantaði voru geldar og einhæfar, en svo voru aðrir ljósmyndarar sem voru listrænni, eða vildu fara aðrar leiðir, eins og Alexander Rodtsjenko. Hann tók til dæmis mjög öfgafullar nærmyndir af verkamönnum, eða fann óvenjulegt sjónarhorn á viðfangsefnið; tók mynd af skrudgöngu ofan frá. Þessar myndir þykja mjög verðmætar heimildir líka um byggingu Sovétríkjanna.

Það er alltaf endalaus rökræða um hversu góð heimild ljósmyndir eru. Það er til frægt dæmi um þetta, það var ljósmynd af Suður-Víetnama sem skýtur meðlimi í Víetkong og það er smelli af akkurat þegar hleypst er af byssunni. Þessi mynd var notuð af andstæðingum Víetnam-stríðsins til þess að sýna ljótleika stríðsins og sýna hvað Suður-Víetnamski herinn væri miskunnarlaus í meðförum á Víetkong föngum. Hvergi kom fram í myndinni að sá sem var tekinn af lífi var hluti af sveit sem drap fjölskyldumeðlimi háttsettra manna í Suður-Víet-



Melli, til hægri, ræðir við kærastann sinn Peter frá Berlín á meðan lyfjameðferðin stendur yfir. (Starfsfólk Lands-spítalans var mjög elskulegt. Ég mátti samt ekki mynda aðra sjúklinga).

namska hernum, þar á meðal mannsins sem tók í gikkinn. Svo hefur komið í ljós að þetta var bara skipun, og langt í frá í fyrsta skipti sem svona nokkuð gerðist. Mönnunum var uppálagt að taka Víetkong-liða af lífi, án dóms og laga. Þetta var bara í fyrsta skipti sem það náðist af þessu svona svakaleg mynd, og þess vegna varð þetta að svona miklu máli.“

Fréttaljósmyndun

– Maður getur ímyndað sér af máli þínu að fréttaljósmyndun gæti verið eitthvað

sem heilli þig. Er það svo?

„Já, mér finnst hún mjög skemmtileg. Þegar ég var í Ljósmyndaskóla Sissu töluðum við mikið við Einar Fal, fréttamyndstjóra Morgunblaðsins, og hann kom og kenndi okkur aðeins um fréttaljósmyndun. Líka Golli, sem verið hefur ljósmyndari á Morgunblaðinu. Það höfðaði mikið til mín. Mér finnst líka áhugavert hvernig val á myndum með fréttum sýnir afstöðu blaðsins og fréttamannsins til viðburða. Dagblöðin eru auðvitað með ljósmyndaveitu frá Reuters, AP og fleirum, og blaðamennirnir velja myndir

með fréttum sem þeir skrifa. Ef við tökum sem dæmi frétt af hryðjuverkaárás í Bagdad, þá eru til tvenns konar myndir af atburðinum. Annars vegar er kannski mynd af sprungnum bíl í fjarlægð. Svo er hægt að velja mynd sem sýnir allt, hryggjarsúluna sem stendur út úr bíllakinu með hangandi auga á endanum, virkilega gróteskar myndir. Og það er misskilningur að fyrra dæmið sé hlutlaus sýn á málið, hún er jafnvel hlutlægi, að sýna bílinn eins og hann hafi bara sprungið af sjálfsdáðum og slökkviliðið hafi slökkt í. Svo eru myndir sem ganga milli-

veginn. En yfirleitt eru valdar myndir sem eru algerlega „safe“.

– Þú hefur verið að ljósmynda að atvinnu upp á síðkastið ekki satt?

„Jú, ég var í sumar að taka brúkaupsmyndir fyrir Sissu. Svo hef ég verið að aðstoða ljósmyndara við auglýsingaljósmyndun, setja upp flöss og ganga frá stúdíóinu. Þá hef ég verið að taka ljósmyndir fyrir Stúdentablaðið. Þetta er mjög misjafnt, stundum er ekki rassgat að gera. Um jólin verður meira að gera þegar jólakortatönn fer í gang.

– eirikur@bb.is

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu
Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Vefsíðan

<http://sigmarg.blog.is/blog/sigmarg>

Blómyndin Börn hefði að mínu mati átt meira skilið á Edduverðlaunahátíðinni. Auðvitað er Mýrin líka toppræma enda er handbragð Baltasars ótrúlegur gæðastimpill í íslenskum kvikmyndabrönsa. Börn er bara betri mynd að mínu mati. Ég reyndar man ekki eftir íslenskri mynd sem hefur hreyft jafnmikið við mér og Börn, nema ef vera skyldi Rokk í Reykjavík. En það var nú meira útaf sniffi á bótalími en lístrænum tilburðum. Allt er þetta þó afstætt og algerlega úti bláinn að tala um einhvern skandal í Eddunni í þessum efnum.

Smáauglýsingar

Til sölu er MMC Pajero, dísel, árg. 98, ekinn 230 þús. km. Verð kr. 1.050 þús. Upplýsingar í síma 862 6097.

Boðað er til aðalfundar Edinborgarhússins ehf. laugardaginn 2. desember 2006 í Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 7 á Ísafirði, kl. 16.00. Stjórn Edinborgarhússins ehf.

Til sölu varahlutir í ýmsar gerðir bíla. Kaupi einnig bíla til niðurfírs. Uppl. í síma 899 4201.

Kvenfélagið Hvöt í Hnífsdal verður með kolaport í Félagsheimilinu laugardaginn 25. nóv. kl. 14-18. Súkkulaði og vöffur einnig til sölu.

Til sölu Toyota Corola 1300 '96, ekinn 190 þús. Verð 99 þús. Nizzan King cap '96, ekinn 175 þús. Verð 380 þús. Uppl. í síma 846 7479.

Öll rjúpnaveiði og meðferð skotvopna í landi Kleifa í Skótu-firði er bönnuð. Landeigandi

Til sölu er bifreiðin XR 031 Mitsubishi Pajero V6, arg. '90. Bíll í sérflökki. Vetrardekk og sumardekk á 31" felgum. Uppl. í síma 893 8857.

Ljós karlmansjakki tapaðist á Baggalútsballinu síðasta laugardag í Bolungarvík. Sá sem tók jakkann er vinsamlegast beðinn um að skila honum, annaðhvort aftur í félagsheimilið eða hafa samband í síma 849 9492.

Hljómborð til sölu. Solton MS-60 hljómborð til sölu, 61 nota gott eintak og vel með farið. Hörð taska fylgir. Uppl. í síma 894 4032.

Íbúð til sölu. Góð tveggja herbergja íbúð á góðum stað í Reykjavík á Reynimel til sölu. Upplýsingar í síma 894 4032.

Óska eftir hljómborði, helst gefins. Uppl. í síma 863 4559.

Munið að jólakort Krabbameinsfélagsins Sigurvonar fást í flestum verslunum í bænum og hjá Sigurvon. Upplýsingar í síma 456 5650.

Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Uppl. í síma 525 0000 og á netfanginu blind@blind.is.

**Ert þú búin(n)
að panta auglýs-
ingapláss fyrir
jólin?
Hringið í síma
456 4560**

Spurning vikunnar

Ertu farin(n) að huga að jólaundirbúningnum?

**Alls svöruðu 810.
Já sögðu 406 eða 50%
Nei sögðu 404 eða 50%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hlutir sem þú getur ekki verið án...

Allir eiga eitthvað sem þeir geta ekki verið án. Fjölskyldan og vinirnir eru nær undantekningalaust efst á blaði, en hvað annað finnst fólki vera nauðsynlegt í lífinu og tilverunni? Að sjálfsgöðu er það misjafnt eftir einstaklingum hvað það er og án efa er góð vísbending um persónuleika viðkomandi að fá að vita hvaða hlutur er svo mikilvægur. Bæjarins besta leitaði til nokkurra Vestfirðinga og spurði þá hvers þau gætu ekki verið án.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík

GSM-síminn leysir íslenska hestinn af hólmi

„Að undanskildu konu, börnum, fjölskyldu, vinum, tölvunni, bílnum, veraldarvefnum og umhverfi Súðavíkur þá verð ég að nefna GSM-símann sem er tækið sem erfitt væri að lifa án.

Ég hef velt því fyrir mér hvernig var farið að, áður en GSM-símar komu til, hvernig var hægt að halda samfélaginu og hringrás atvinnulífsins gangandi?

Með GSM símann við höndina hefur maður heiminn í hendi sér. Á órskammri stundu er hægt að ná í hvern sem er, hvar sem er og hvenær sem er, að því gefnu að símasamband sé fyrir hendi og hinn aðilinn sé með símtæki við hendina.

Ég vill taka svo sterkt til orða að mér finnst GSM-síminn hafa leyst íslenska hestinn af hólmi. Til langs tíma var hesturinn einn þarfasti þjónn mannsins, en á líðandi stundu er GSM komin í hans stað og hefur þannig leyst hestinn með sóma undan skildu sinni. Hugsanlega má líka tengja útrás og gott gengi



íslenska fyrirtækja á erlendri grundu, sérstaklega danskri grundu við þá möguleika sem opnðust með tilkomu GSM-símans, því með GSM samskiptamáta sparast mikill tími. Tími eru peningar og greiður samskiptamáti manna á milli í viðskiptum eru forsenda góðs árangurs.

Í þessu dásæmdartali um GSM-símann verður þó að setja sig í gír Ragnars Reykáss með því að segja að jafnframt er GSM-síminn verst óvinur mannsins. Hann er orðin svo mikilvægur að ekki er hægt að vera án hans, hann hringir hvar sem er og hvenær sem er, hann tekur ekki tillit til fjölskyldulífs, helgar- eða sumarfría eða þess sem verið er að gera hverju sinni þegar hann hringir. Hægt er að ánetjast GSM-símanum eins og hverju öðru vanabindandi og ljótum síðum og erfitt er að hugsa sér lífið án GSM-síma og það eitt og sér, er stórt vandamál!“

Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins á Vestfirðum

Gítarinn, tryggur og trúr



„Þegar ég hugsa um hluti sem ég get ekki verið án og tek mið af því lífi og starfi sem ég stunda í dag þá eru einkum þrír hlutir sem koma upp í hugann, það er fartölvan og gítarinn. Fartölvan er mikill fróðleiksbrunnur og samskiptatæki.

Gítarinn keypti mamma handa mér þegar ég var unglingur og hann hefur fylgt mér tryggur og trúr. Svo er það þessi þráhyggja með lýsið. Ég hef tekið lýsi allt mitt líf og ég þori ekki að hætta því. Ég held nú samt að ef þessir þrír hlutir hyrfi úr lífi mínu kæmu örugglega aðrir þrír í staðinn sem ég gæti ekki verið án.“



Hrafnhildur Hafberg, kennari og leikstjóri

Hver getur verið án tannbursta?

„Þessa dagana get ég illa verið án rauða pennans. Hann nota ég til að fara yfir próf og ritgerðir nemenda minna. Hann er líka svo jólalegur.

Talandi um jólin, þá er eitt tæki sem alls ekki er hægt að vera án fyrir jólin en það er laubbrauðsjárnið. Það er að sjálfsgöðu ekki hægt að halda almennileg jól án laubbrauðs.

Svarta, litla hliðartaskan mín er búin að vera föst við mig í fjögur ár, ég fer helst ekki út úr húsi án þess að hafa hana hangandi á mér. Þetta er eiginlega hálfgerð galdrataska því þótt hún sé lítil þá kemst alltaf allt fyrir í henni sem ég þarf að hafa með mér, bæði til sjós og lands.

Rykmoþpan er mikið þarfahing, ég byrja yfirleitt á því að svífa með hana yfir gólfin þegar ég kem heim á daginn þar sem hundurinn er búinn að dreifa úr sér og hrista sig út um öll gólf, það gefur mjög svo loðna áferð á parketið sem mér er ekki mjög að skapi. Bækur. Ég get ekki verið án bóka. Ekkert meira um það að segja.

Tannburstinn. Hver getur verið án hans? Ja, ég spyr?“



Óskað eftir tilboðum í endurbyggingu

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu 9,2 km Vestfjarðavegar, frá Kúalág vestan Skálanæis að Eyrarí í Kollafirði í Gufudalsssveit. Um er að ræða 7,5 metra breiddan veg með klöðingu. Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008 og eru útboðsgögn til sölu fyrir 4.000 krónur hjá Vegagerðinni, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík. Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. nóvember 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Bloggiò...

Míki fjölgun hefur orðið á svokölluðum bloggum á meðal Vestfirðinga undanfarnir ár. Bloggvæðingin hefur ekki aðeins náð til fólks undir þrítugu, heldur teygir hún sig upp í gegnum aldurshópana og ræðst af tölvulæsi frekar en aldri. Orðið Blogg er er dregið af enska orðinu Weblog sem á íslensku væri Vefskrá. Orðið var síðan brotið upp orðið weblog upp í We blog. Blogg eru jafnólík og þeir sem skrifa þau og því for Bæjarins besta á stúfana til að grafa upp hvað fólk er að blogga um. Haukur Sigurðsson er einn þeirra sem reglulega bloggar á slóðinni haukuri-horni.blogspot.com/.

Hvalveiðar

Nú stenst ég ekki mátið
lengur, verð að tjá mig örlítið
um þetta stærsta hitamál árs-
ins. Hvað er að ykkur Íslend-
ingar!?

Sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að hefja hvalveiðar á ný er að mínu mati stærstu mistök sem við höfum gert síðan við ákváðum að styðja Íraksstríðið.

Ég er ekki brjálaður náttúruverndarsinni eða hippí, ég treysti alveg vísindamönnum okkar fyrir því að þetta muni ekki skaða hvalastofninn. En það að við megum gera eitthvað þarf ekki að þýða að við verðum að gera það.

Við erum að stofna gríðarlegum hagsmunum í hættu með þessari vitleysu, erum að leggja ímynd okkar í hættu, nokkuð sem ferðamannaíðn-

aðurinn byggir allt sitt á. Erum
að fórna miklum hagsmunum
fyrir litla.

Þetta eru ekki nema örfá dýr sem við megum veiða árlega, þetta mun aldrei verða stór iðnaður á Íslandi og mun varla skila nokkrum hagnaði í þjóðarbúið, a.m.k. mun skaðinn verða miklu miklu stærri en nokkru sinni hagnaðurinn.

Hvar ætlum við annars að selja blessaða hvalkjöttið? Það borðar þetta ekki nokkur maður lengur, nema kannski Íslendingar, Norðmenn og Japanir. Markaðurinn á Íslandi er þínulítil og Japanir eiga víst í nógu miklum erfiðleikum með að selja sitt eigið hvalkjött. Þá eru það örfáir Norðmenn og Færeyingar eftir sem

hægt væri að selja til.

Þetta er einhver fortíðar-
draugur sem lifir í íslensku
þjóðinni. Þetta er eins og
M&M eða Skittles; meðan
þetta var bannað á Íslandi þá
keyptu allir byrgðir af þessu í
útlöndum til að koma með
heim, en efur að sala var leyfð
í þúðum á Íslandi hvarf allur
sjarminn. Þetta var ekkert
lengur spennandi, þetta var
ekkert betra en hvað annað
nammi.

Við negum ekki hugsa bara um rassgatið á sjálfum okkur. Það verður að hugsa um heildarmyndina og passa að styggja ekki alþjóðasamfélagið. Þetta hvalveiðimál minnir mig á einhvern hátt á vega-gerðamálið í Leirufirðinum.

Margir spurja: Af hverju ættum við að láta bölvæðing útlendinga segja okkur fyrir verkum? Svarið er einfalt. Við byggjum alla okkar afkomu á samskiptum við aðrar þjóðir. Fiskútflutningur, álvinnsla, ferðamannaíðnaður. Ekki viljum við fá slæmt orð á okkur úti hinum stóra heimi? Við verðum að horfast í augu við það að við erum bara lítil eyja í miðju Atlantshafi, við getum ekki alltaf verið með attitude og þjóðdrembu og sýnt stóru stráknum löngutöng.

Við erum ekki ein í heiminum og við viljum halda þess okkar góða orðspor. Ég vona innilega að íslenska þjóðin átti sig á þessum mistökum áður en það verður of seint.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustanátt og dálítil snjócoma eða él norðan- og austanlands, en annars skýjað með köflum. Hiti 0-7 stig. **Horfur á laugardag:** Norðaustanátt og dálítil snjócoma eða él norðan- og austanlands, en annars skýjað með köflum. Hiti 0-7 stig. **Horfur á sunnudag:** Hægviðri og bjart. Frost 1-10 stig.



Sælkeri vikunnar er Brynja Helgadóttir á Ísafirði

Svínalundur og safarík súkkulaðikaka

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindismáltið. Í aðalrétt eru svínalundir með gómsætri sósu. Brynja mælir með að bera lundirnar fram með góðu salati og kartöflugrutunni. Í eftirrétt er safarík, volg súkkulaðikaka sem rennur ljúft niður með ís eða rjóma.

125 g mjúkt smjör
300 g sykur
125 g hveiti
1 ½ tsk lyftiduft
½ tsk salt
1 ¼ dl mjólk
2 tsk vanilludropar
90 g púðursykur
3 msk Cadbury's kakó
3 ½ dl sjóðandi vatn

Svínalundur

2-3 svínalundir
Salt
Pípar
50-70 g smjör
Beikon
Dion sinnep
Ostur
Laukur
Karrý
1 ½ dl rjómi
1 dl tómatoþúrri

Skerið svínalundirnar í bita og berjið létt. Kryddið þær með salti og pipar, steikið á pönnu, bara rétt að brúna þær. Raðið í eldfast mót, leggjði beikon yfir og smyrjið sinnepi á það. Setjið síðan ost ofan á sinnepið.

Sósa

Brúnið smjör, smá karrý ásamt lauk á pönnu. Hellið út í rjóma og setjið tómatspúrru út í og kryddið með salti og bætið karrý út í ef þarf. Bakið við 225° í ca 30 mín.

Safarík volg súkkulaðikaka

60 g sirius 70% súkkulaði

*Ég skora á Karen Óladóttur
og Ómar Helgason á Ísafirði
að verða næstu sælkerar.*

Augnablikið...

Myndina sendi Tinna Óðinsdóttir af syni hennar Óðni Frey. Hún hafði gripið hann glóðvolgan þar sem hann var nýbúinn að hnappa steikinni úr ofninum, en steikin var í matinn daginn áður og Óðni þótt hún svakalega góð og vissi hvar afgangarnir voru geymdir.



**Ertu búin(n) að tryggja
þér auglýsingapláss fyrir jólin?
Hafið samband í síma 456 4560.**



Margt var um manninn á gönguskíðaefingu á golfvöllinum í Tungudal um helgina.

Á gönguskíðum á golfvöllinum

Margt var um manninn á gönguskíðaefingu á golfvöllinum í Tungudal um síðustu helgi.

Gönguskíðabraut var troðin með vélsleða á golfvöllinum í Tungudal um helgina að áeggjan Göngunefndar Skíða-

félags Ísafjarðar. „Þetta tókst alveg glimrandi vel, við ætlum að reyna að gera þetta um helgar á meðan við höfum snjóinn og ekki er búið að opna skíðasvæðið okkar“ segir Kristbjörn Sigurjónsson formaður göngunefndar SFÍ.

Kristbjörn er myrkur í máli þegar hann ræðir þá stöðu sem Skíðafélagið er í þessa dagana, segir hann Skíðafélagið vera búið að leggja mikinn pening í að bæta aðstöðu á skíðasvæðinu og þá sérstaklega á alpagreinasvæðinu og nú sé

nægur snjór. „Það er bara ekki til neinn peningur hjá bænum í þetta og þess vegna eru skíðasvæðin lokað, við erum bara að gera þessar brautir í sjálfboðavinnu svo okkar fólk komst til að æfa.“

annska@bb.is

Niðurstöður vegna nýrrar sundlaugar væntanlegar



Íþróttahúsið á Torfnesi.

Áætlað er að niðurstöður markaðskonunnar vegna nýrrar sundlaugar og sjónar- líkamsræktarstöðvar á Ísafirði verði tilbúna eftir 1-2 vikur. Að könnuninni standa tveir háskólanemar sem vinna verkefnið fyrir Ísafjarðarbæ. Það eru þær Kristjana Sigríður Skúladóttir og Þórunn Gunnarsdóttir, en könnunin er liður í B.Sc. verkefni í viðskiptafræði af markaðssviði. Verkefnið felst í því að

kanna markað fyrir nýja sundlaug á Ísafirði og leitast eftir viðhorfum og sjónarmiðum heimamanna í málinu. „Miðað við hve sundlaugar- umræðan hefur verið mikil á Ísafirði undanfarið þá datt okkur í hug að Ísafjarðarbæ vantaði kannski þessar upplýsingar og hefði not fyrir þær. Þar sem við vorum að leita að B.Sc. verkefni af markaðs- sviði þá fannst okkur þetta tilvalið ef Ísafjarðarbær hefði áhuga,“ sagði Kristjana í

samtali við bb.is þegar verkefninu var hrint úr vör. 471 svar barst á þeim 10 dögum sem könnunin stóð yfir og flestir sem svörðu eru Ísfirðingar á aldrinum 21-66 ára. Að sögn Kristjónu gefur könnunin því ágæta mynd af skoðunum og viðhorfum þessa hóps.

Eins og kunnugt er stendur til að byggja mikla sund- og líkamsræktarmiðstöð á Torfnesi á Ísafirði, milli íþróttahúss og knattspyrnuvallar. Í miðstöðinni verður meðal annars 25 metra löng innisundlaug, minni vaðpollur, heitir pottar og lítill útisundlaug. Á efri hæð er gert ráð fyrir líkamsræktaraðstöðu og veitingastað í austurenda jarðhæðar.

thelma@bb.is



Smalarnir létu veðrið ekki á sig fá. Mynd: Páll Önnundarson.

Smölun í Súgandafirði

Smölun var í síðustu viku í Súgandafirði. „Það var verið að reka fé á hús eftir að þetta veður gerði,“ segir Ævar Einarsson „hobbýbóndi“ og einn smalanna. Féð hafði áður verið rekið af fjalli, en eftir réttir var því sleppt aftur. Bændur reyna jafnan að halda búfé á lausagöngu fram eftir vetri eftir því sem veður og

aðstæður leyfa. Ævar segir féð hafa verið við góða heilsu. „Þeim varð ekki meint af útiverunni. Það var hreinsuð öll hlíðin hérna, það var bara verst að hafa þær svona við veginn.“ En eins og alþjóð veit þá hafa oft orðið slys bæði á fólki og fé þegar hið síðar- nefnda virðir ekki umferðar- reglurnar.

„Ég er með nokkrar rollur í svokölluðu Dánabúi en húsið er í eigu Hálfðáns Guðröðarsonar. Ég hef staðið í þessu veseni í nokkur ár og hef gaman af því, annars myndi ég nú ekki nenna að standa í þessu,“ segir Ævar að lokum þegar hann var spurður út í búskapinn.

annska@bb.is

Flygilsjóði T.Í. berast góðar gjafir



Ingirður Á. Karlsdóttir útibússtjóri landsbankans afhendir Gunnlaugi Jónassyni ávísunina.

Við athöfn í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði fyrir viku, afhenti Ingirður Á. Karlsdóttir útibússtjóri Landsbanka Íslands á Ísafirði Tónlistarfélagi Ísafjarðar styrk að upphæð 500 þúsund krónur í flygilsjóð, og tók Gunnlaugur Jónasson við ávísuninni fyrir hönd félagsins. Viðstödd athöfnina voru meðlimir Tónlistarfélagssins, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar sem og ritari skólans og formaður sunnukórsins Guðfinna Hreiðarsdóttir, sem jafnframt hrinti af stað happdrætti til

styrktar flygilkaupunum. Sunnudaginn 22. október sl. voru haldnir minningar- tónleikar um hjónin Sigríði Ragnarsdóttur og Ragnar H. Ragnar í Hömrum, en þetta voru einnig vígslutónleikar nýja Steinway flygilsins. Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanóleikari lék fjölbreytta dagskrá auk þess sem veittur var styrkur úr minningarsjóði Sigríðar og Ragnars að upphæð ein milljón króna til flygilkaupanna. Konur úr styrktarsjóði Tónlistarskólans afhentu styrkinn.

annska@bb.is